

VATN LÍFSINS

eftir

Benóný Ægisson

Útgáfa höfundar

13.4.2016

PERSÓNUR***Fólkið á Brú:****INGIBJÖRG ekkja, bóndi og veitingakona**ILLUGI eldri sonur hennar**SIGURÐUR yngri sonur hennar**GUNNA kerling**ÁSTA niðursetningur**Illugi, Sigurður og Ásta sem börn**INGÓLFUR bóndi á Vatni****Kaupstaðarbúar:****HÁKON læknir**ELÍN dóttir hans**KARL kaupmaður**ÁRNÍNA kaupmannsfrú**MARGRÉT dóttir þeirra**GÍSLI bæjarfulltrúi**EIRÍKUR bæjarfulltrúi**HELGI bæjarfulltrúi**GVENDUR GRALLARI vatnsberi**KATLA ALLRAGAGN vatnsberi**JÓI SKÓ vatnsberi**GEIR tómthúsmaður**GUNNAR tómthúsmaður**KRISTJÁN vert**JÖKULL lögregluþjónn*

Leikurinn gerist á árunum 1899 - 1900.

UPPHAFSSÖNGUR

Það herrans árið átján níu níu
Við ysta haf býr lítil skrítn þjóð
Já, þetta fólk sem þekkir ekki hlýju
og þráir feitan mat og digran sjóð

Við hefjum leik
með þessum óð
það er allt í steik
á heljarslóð

Vor saga er frá löngu liðnum tíma
og lífið þá var einfaldar en nú
Er enginn átti jeppa eða síma
og óbyggð var þá Borgarfjarðarbrú

Ó sei sei já
það veit mín trú
það er af og frá
ég held það nú

Já og allt var svo ósköp frumstætt þá
ekki ógrátandi má
muna það að enginn átti neitt
Engin fita var þá á þeirra hupp
Hjólið nýskeð fundið upp
- ekki neitt með korti greitt

1. ATRIÐI: BAÐSTOFAN Á BRÚ

Baðstofan á Brú árið 1899. ÁSTA, niðursetningurinn á bænum situr og les í bók. ÁSTA er með skarð í vör og munnur hennar er mikið afskræmdur og það sem hún segir ill- eða óskiljanlegt nema þegar hún talar beint til áhorfenda. Hún lætur sig dreyma um þann tíma þegar hún og ILLUGI voru börn að leik.

ILLUGI (barn)

Þetta er óskasteinn. Ef maður strýkur hann þrisvar og segir: Sesam, sesam, mikli andi, þá kemur andi úr honum og uppfyllir allar óskir manns.

ILLUGI (barn)

Hvað langar þig í?

ÁSTA (barn)

Lummur.

ILLUGI (barn)

Nei. Ekki lummur. Það er svo venjulegt. Óskaðu þér vagns sem fjórir hvítir gæðingar eru spenntir fyrir svo þú getir ekið hvert á land sem þú vilt.

ÁSTA (barn)

Það má enginn sjá mig.

ILLUGI (barn)

Á ég að óska þess að þú verðir falleg?

(ÁSTA hristir höfuðið)

Viltu ekki verða falleg?

ÁSTA (barn)

(Hristir höfuðið aftur)

Bara ekki svona ljót.

ILLUGI (barn)

Ég veit.. Ég verð Aladdín með undralampann og þú verður Badrúlbúdur konan mín og þá verður þú að bera blæju.

ÁSTA

(Til áhorfenda)

Ævintýralandið!

SIGURÐUR kemur inn. ÁSTA sprettur á fætur, felur bókina og tekur til hendinni

SIGURÐUR

Ertu að slæpast, glópurinn þinn? Það má ekki líta af þér. Viltu að ég segi mömmu að ég hafi komið að þér við lestur um, hábjartan daginn?

ÁSTA

Nei. Ekki.

SIGURÐUR

Hvað fæ ég ef ég þegi?

(ÁSTA þegir)

Einn koss kannski?

(ÁSTA lítur til hans; hugsar sig um)

Hver heldurðu að vilji kyssa á þér klofinn kjaftinn?

(SIGURÐUR sest)

Komdu hingað og taktu í mig.

(ÁSTA gengur til hans og byrjar að toga af honum skóna. Henni er ekki vel við þetta verk og hún er vör um sig)

Togaðu almenninglega. Hverslags slóðaháttur er þetta. Togaðu!

(ÁSTA einbeitt sér að verkinu og þá notar SIGURÐUR tækifærið og dregur hana niður til sín)

ÁSTA

Láttu mig vera!

SIGURÐUR

(Heldur henni niðri og skoðar hana)

Djöfull ertu ljót!

ÁSTA

Hættu!

(SIGURÐUR byrjar að losa um föt hennar en hún berst um.)

SIGURÐUR

Vertu ekki að þessu sprikli.

ÁSTA

Slepptu mér!

SIGURÐUR

Af hverju heldurðu að Illugi hafi alltaf bundið fyrir munninn á þér?

(Þögn)

Það er af því að hann þoldi ekki að horfa á þig. En mér er alveg sama. Þetta er allt eins þegar inn er komið.

(ÁSTA reynir að komast undan en ræður ekki við SIGURÐ)

Þú vilt ekki trúa því en bróðir minn er bölvaður ræfill. Svona.. liggðu kyrr!

(SIGURÐUR ógnar henni með hnefanum og ÁSTA hættir að sýna honum mótspyrnu og liggur kyrr. Hún snöktir)

Þetta þótti svo mikið gáfnaljós að hann fékk að ganga í skóla. En hann stökk í burtu eins og hans var von og vísa; hann gat aldrei klárað neitt.

(Þögn. SIGURÐUR losar um föt sín)

Hann fékk allt og ég ekki neitt. En nú er það breytt og þú skalt hætta þessum mótþróa ef þú vilt ekki hafa verra af.

(INGIBJÖRG kemur inn)

INGIBJÖRG

Sigurður! Hvað ertu að gera? Hættu þessu strax!

(SIGURÐUR hættir og verður sneypulegur. ÁSTA lagar föt sín)

Snautaðu niður í eldhús stelpa!

(ÁSTA gengur í átt til dyra. Þegar hún gengur framhjá INGIBJÖRGU slær INGIBJÖRG hana utanundir)

Þetta er þakklætið! Þetta er þakklætið sem maður fær fyrir að taka að sér vandalaus. Þú ert engu betri en hún mamma þín.

(ÁSTA fer, beygð og grátandi)

Ertu búinn að tapa þessari litlu glóru sem þú hefur, Sigurður? Hefurðu hugsað þér að barna stelpuna?

SIGURÐUR

Ég..

INGIBJÖRG

Þið karlmennirnir hugsið ekki. Veistu hvað það er dýrt að senda svona stelpur í aðrar sveitir til að ala krógana sína? Ert þú borgunarmaður fyrir því?

SIGURÐUR

Nei, ég..

INGIBJÖRG

Hefurðu kannski hugsað þér að giftast henni?

SIGURÐUR

Henni Ástu?! Nei, það dettur mér..

INGIBJÖRG

Þá skaltu gæta að því hvað þú gerir drengur.

(Þögn)

Þér væri nær að fara að leita eitthvað fyrir þér í stað þess að atast þetta í niðursetningnum.

SIGURÐUR

Hvenær á ég að hafa tíma til þess? Ég þræla myrkranna á milli.

INGIBJÖRG

Dálítil vinna hefur aldrei drepíð neinn.

SIGURÐUR

Af hverju viltu ekki leyfa mér að ráða vinnumann?

INGIBJÖRG

Við getum ekki keppt við launin sem góðir menn hafa á skútunum.

2. ATRIÐI: ELDHÚSIÐ Á BRÚ

GUNNA

Af hverju ertu að vola ræfilstuskan mín?

ÁSTA

Hún lamdi mig

GUNNA

Hver lamdi þig?

ÁSTA

Húsfreyjan.

GUNNA

Húsfreyjan, já.

(Þögn)

Aldrei var neinn barinn á mínu heimili og voru húsakynni þó ekki eins vegleg og hér.

ÁSTA

Hún sagði ljótt um mömmu.

GUNNA

Já, ekki er það fallett að tala illa um þá sem eru ógæfusamir.

ÁSTA

Segðu mér frá mömmu

GUNNA

Henni mömmu þinni. Ég held ég sé búin að segja þér allt sem ég veit.

ÁSTA

Segðu mér aftur. Gerðu það.

GUNNA

Hún mamma þín var að austan. Hún kom hingað ein og fótgangandi og var á leið til Ameríku.

ÁSTA

Svo átti hún mig.

GUNNA

Og svo átti hún þig. Þú fæddist hjá vandalausum alveg eins og jesúbarnið.

ÁSTA

Hver var pabbi minn?

GUNNA

Hver veit svo sem hverjir eru feður barna?

ÁSTA

Af hverju skildi hún mig eftir?

GUNNA

Ameríka er enginn staður fyrir börn.

ÁSTA

(Reið)

Þú ert að skrökva að mér! Hún skildi mig eftir af því ég er ljót.

GUNNA

Þú ert ekkert ljót. Þú ert bara dálítið.. svona.. dálítið.. Mamma þín var óskaplega falleg kona. Þú líkist henni.

ÁSTA

Nei.

GUNNA

Víst ertu lík henni! Taktu nú af þér þessa klútdruslu. Það eru engir gestir hérna núna.

ÁSTA

Kemur hún aftur?

GUNNA

Fólk er alltaf að fara burt og ekkert verður betra við það. Þegar ég bjó í hellinum með honum Jónasi mínum var alltaf hlýtt og þurrt og enginn kenndi sér meins en síðan ég flutti í bæ í rakann og slagann hef ég verið að drepast úr gigt. Nei. Það kemst enginn til baka þó hann ætli sér það.

ÁSTA

Illugi kemur aftur.

GUNNA

Það kemur enginn tilbaka sem fer burt. Og þó hann Illugi birtist hérna einn daginn þá verður það ekki hann.

(Þögn)

Já, mamma þín var eins og prinsessa.

3. ATRIÐI: ÆVINTÝRALANDIÐ

(ILLUGI og ÁSTA eru börn að leik)

ILLUGI

(Bindur klút fyrir niðrandlit ÁSTU)

Svona. Nú ertu falleg.

ÁSTA (barn)

Nei!

ILLUGI (barn)

Jú. Og nú strýk ég lampann og óska þess að andi hans geri vörina á þér heila.

ÁSTA (barn)

Nei!

ILLUGI (barn)

Þú getur verið svo vitlaus.

(Þögn)

Jæja. Ég veit.. Ég er prins frá Austurlöndum og þú ert prinsessa og ég kem og heillast af því hvað þú ert falleg og dansar vel og þarf að leysa þrautir til að fá að eiga þig. Ha?! Dansaðu nú!

ÁSTA (barn)

Ég kann ekki að dansa.

ILLUGI (barn)

Þú verður að dansa annars er allt ónýtt. Gerðu bara eitthvað.

(Tónlist. ÁSTA stendur upp og byrjar að dansa, fyrst hikandi en síðan með vaxandi öryggi. SIGURÐUR kemur í ljós. Hann horfir á ÁSTU, háðslegur á svip. Þegar hann birtist hverfur tónlistin)

SIGURÐUR (barn)

Þykist auminginn vera að dansa?

(ÁSTA hættir að dansa)

ILLUGI (barn)

Láttu hana vera.

ÁSTA (barn)

Ég er prinsessa.

SIGURÐUR (barn)

Það er auðséð hálfvitinn þinn að þú ert prinsessa.

ILLUGI (barn)

Ég sagði þér að láta hana vera.

SIGURÐUR (barn)

Og hver ert þú? Kúkur kóngur eða hvað?

(ILLUGI ræðst á SIGURÐ og þeir tuskast. SIGURÐUR nær fljótlega undirtökum því hann er sterkari. Hann fellir ILLUGA og sest ofan á hann. INGIBJÖRG móðir þeirra kemur inn)

SIGURÐUR (barn)

Gefstu upp!

ILLUGI (barn)

Aldrei!

INGIBJÖRG

Hættið þessu, eins og skot! Ætlið þið að eyðileggja fötin ykkar. Hættið, segi ég.

SIGURÐUR (barn)

Auminginn segist vera prinsessa.

INGIBJÖRG

Prinsessa! Ekki nema það þó! Það er beðið eftir þér í eldhúsinu, yðar hátign.

(INGIBJÖRG og SIGURÐUR hlæja. Við ILLUGA)

Farðu og reyndu að læra eitthvað svo þú standir ekki á gati þegar þú byrjar í skólanum.

ILLUGI (barn)

Ég vil ekki fara í skóla.

INGIBJÖRG

Þú ferð víst!

ILLUGI (barn)

Ég strýk. Ég ætla að verða landkönnuður.

INGIBJÖRG

Þú ferð í skólann og ekki orð um það meir.

(Slær ÁSTU (barn) utanundir)

Reyndu nú að koma þér að verki.

ÁSTA

(Til áhorfenda)

Vinur minn er í Ameríku. Eins og mamma. Það er stórt land og langt í burtu. Vinur minn fór burt af því hann langaði til að sjá löndin þar sem draumurinn býr. Vinur minn er búinn að vera í burtu í tíu ár og ég er hrædd um að hann komi aldrei aftur til mín.

4. ATRIÐI: ELDHÚSIÐ OG GESTASTOFAN Á BRÚ

ÁSTA

(Tekur upp nýjateamentið og les)

“Ekki var hann ljósið heldur átti hann að vitna um ljósið. Það var hið sanna ljós sem upplýsir hvern mann er kom í heiminn. Það var í heiminum og heimurinn var þar fyrir gjörður og þekkti það þó ekki. Hann kom til sinna og hans eigin meðtöku hann ekki”.

(Þögn)

"Hann kom til sinna og hans eigin meðtöku hann ekki”.

(Lítur upp úr bókinni)

Afhverju kemur hann ekki?

(INGÓLFUR bóndi á Vatni kemur inn)

INGÓLFUR

Þeir eru með sínar stengur, Englendingarnir, og berja ána eins og vitlausir menn en fá ekki neitt.

GUNNA

Já, það er merkilegt að fullorðnir menn geti leyft sér að slæpast þetta í iðjuleysi yfir hábjargræðistímann.

INGÓLFUR

Varla eru þeir að veiða sér til matar blessaðir.

GUNNA

Fegin verð ég þegar þeir fara. Þeir líta ekki við öðru en nýmeti. Það má ekki vera súrt, ekki saltað eða kæst. Ef við hefðum leyft okkur aðra eins matvæðni í hellinum hefðum við dáið drottinni okkar.

(INGÓLFUR gengur til ÁSTU)

INGÓLFUR

Hvað ertu að lesa?

ÁSTA

Nýjateamentið.

INGÓLFUR

Presturinn í stólinn sté
stökk hann upp og mé
allt fólkið óð í hné

og ein kerling drukknaðé

(ÁSTA lítur upp og hlær)

Nú líst mér á þig vinkona.

(ÁSTA sýnir INGÓLFI saurblað bókarinnar og hann les af því)

“Jónína Bogadóttir á þessa bók með öllum rétti”.

ÁSTA

Mamma.

INGÓLFUR

“Nú á Ásta Hansdóttir þessa bók”.

ÁSTA

Illugi skrifaði fyrir mig

INGÓLFUR

Illugi já. Nú er hann fjarri góðu gamni í Ameríkunni. Það eru allir að fara þangað. Einn vinnumaðurinn minn stökk frá mér til Ameríku og vinnukonan með honum. Allir á förum nema ég og þú.

ÁSTA

Já.

INGÓLFUR

Þú ættir að koma og verða vinnukona hjá mér. Ha! Þá fengirðu eitthvað annað að lesa en guðsorð, skrattinn hafi það.

ÁSTA

Það má ekki.

INGÓLFUR

Og hver segir það?

ÁSTA

Húsmóðirin

INGÓLFUR

Hún vill bara þræla þér út fyrir ekki neitt. Komdu til mín. Ég borga þér kaup.

(ÁSTA hristir höfuðið)

Það er ekkert vistarband lengur. Þú ert frjáls.

ÁSTA

Hver segir það?

(INGIBJÖRG kemur inn. ÁSTA flýtir sér að fela bókina)

INGÓLFUR

Nú, kóngurinn auðvitað, hann gaf þér frelsi. Á þessari öld gefur kóngurinn frelsi. Á þeirri næstu tókum við Íslendingar það frelsi sem við viljum.

INGIBJÖRG

Vertu ekki að ala þessa vitleysu upp í stelpunni Ingólfur.

INGÓLFUR

Hún Ásta lætur ekki bjóða sér neina vitleysu. Hún er skynsöm stúlka.

INGIBJÖRG

Nóg er af grillunum hjá hjúunum þó húsbændurnir leggi því ekki lið.

INGÓLFUR

Ég borga öllu mínu vinnufólki kaup. Þau eru frjálsar manneskjur.

INGIBJÖRG

Það er ólíku saman að jafna. Ef ég ætti að borga mínum hjúum kaup liði ekki á löngu þar til ég kæmist á vonarvöl.

INGÓLFUR

Hefurðu ekki einhverjar tekjur af Englendingunum?

INGIBJÖRG

Það hrekkur nú skammt eins og allt er orðið dýrt. Þú hlýtur að vita hvað það kostar að gefa fólki að éta.

INGÓLFUR

Nú, á ég þá ekki að létta undir með þér og taka við henni Ástu.

INGIBJÖRG

Henni Ástu?! Nei maður hleypur ekki frá skyldum sínum. Ég lofaði móður hennar að hún fengi að vera og það svík ég ekki.

(Við ÁSTU)

Það þarf að ganga frá eftir Englendingana og vertu fljót að því, ég þarf að nota þig í annað.

(Tveir tómthúsmenn, GEIR og GUNNAR, bera inn stórt ferðakoffort sem á er letrað: "Henderson's Elixir".)

Hvað eruð þið að vilja?

GEIR

Við komum með farangurinn.

GUNNAR

Okkur var sagt að setja þetta inn í gestastofuna.

(Þeir gefa INGIBJÖRGU ekki færi á að spyrja fleiri spurninga heldur fara út og sækja fleiri töskur, koffort og pinkla. SIGURÐUR kemur inn)

SIGURÐUR

Hver var að koma? Hver á þennan farangur?

INGIBJÖRG

Það veit ég ekki.

(Þögn)

Hvað stendur þarna á kistunni?

SIGURÐUR

Þú veist að ég kann ekki almennilega að lesa.

(INGIBJÖRG gengur að stóra koffortinu og rýnir í textann en botnar lítið í honum. Hún gengur út að glugganum og horfir út)

INGÓLFUR

Þetta hlýtur að vera einhver veiðimaðurinn.

(GEIR og GUNNAR bera inn kerlaug og leggja hana frá sér á mitt gólfíð)

SIGURÐUR

Hvað er nú þetta?

GEIR

Ég hef ekki hugmynd um það.

INGIBJÖRG

Er þetta ekki einhverskonar þvottastampur?

ÁSTA

Til að baða sig í.

GUNNAR

Hvað er auminginn að segja?

INGÓLFUR

Hún segir að þetta sé fyrir böð.

ÁSTA

Ég sá það í blaðinu.

GEIR

Fyrir kindur þá? Ekki er kláðinn kominn upp aftur?

INGIBJÖRG

Það væru þá meiri fínheitin ef þetta væri fyrir rollur.

(Þau líta öll á Ástu)

ÁSTA

Fyrir fólk.

GEIR

Hvað segir hún?

INGÓLFUR

Hún segir að það sé fyrir fólk.

SIGURÐUR

Ekki er öll vitleysan eins.

ILLUGI

Sælt veri fólkið!

(Þau líta öll á ILLUGA sem stendur í dyrunum. Hann berst mikið á í klæðaburði en stíllinn er amerískur, t.d. barðastór hattur og leðurstígvél. Það tekur þau tíma að koma honum fyrir sig enda tíu ár síðan hann fór og þá var hann unglingur. ÁSTA er fyrst til að átta sig)

ÁSTA

Illugi! Það er Illugi

(ÁSTA hleypur til hans en geðshræringin er svo mikil að hún veit ekki alveg hvað hún á að gera. Einna helst líkist hún hundi að flaðra upp um húsbónda sinn)

INGIBJÖRG

Hættu þessum gassagangi stelpa! Ert þetta þú, drengur minn?

ILLUGI

Þetta er ég, mamma. Ég er kominn heim.

INGIBJÖRG

Guði sé lof.

(INGIBJÖRG gengur til ILLUGA og faðmar hann að sér)

SIGURÐUR

Það munar ekki um farangurinn.

(ILLUGI heilsar SIGURÐI)

ILLUGI

Sæll og blessaður, Siggí minn.

SIGURÐUR

Þú ert þá kominn heim.

INGÓLFUR

Velkominn heim Illugi.

ILLUGI

Sæll Ingólfur. Gaman að sjá þig

GUNNAR

Ætli við förum þá ekki að drífa okkur.

INGIBJÖRG

Viljið þið ekki þiggja eitthvað áður en þið farið?

GEIR

Ja, það var þetta með borgunina fyrir að aka farangrinum.

ILLUGI

Já, þakka ykkur fyrir.

*(ILLUGI réttir BURÐARMÖNNUNUM peninga og á svip þeirra má ráða
að þeir eru ánægðir með borgunina. Þeir fara)*

SIGURÐUR

Þetta var alltof mikið.

ILLUGI

Það þætti það ekki í Ameríku.

INGIBJÖRG

En hvernig komst þú alla þessa leið?

ILLUGI

Ég kom á reiðhjólinu mínu.

SIGURÐUR

Reiðhjól! Það verð ég að prófa.

(SIGURÐUR fer út)

INGÓLFUR

Ætli ég líti ekki á það líka. Vertu sæll Illugi.

ILLUGI

Nei. Farðu ekki strax.

INGÓLFUR

Ég kem aftur. Það er orðið svo langt síðan ég hef lent í almennilegu rifrildi.

(INGÓLFUR fer)

INGIBJÖRG

Hvar hefurðu verið, drengur? Af hverju léstu aldrei heyra neitt frá þér.

ILLUGI

Ég hef ferðast um alla Ameríku. Yfirleitt hafði ég ekkert heimilisfang svo það varð lítið úr skriftum. Ég var alltaf að geyma það að skrifa þér þangað til ég settist einhversstaðar að.

INGIBJÖRG

En nú ertu kominn heim.

(Þögn)

Ég ætla að finna eitthvað handa þér.

(INGIBJÖRG fer út. ILLUGI skoðar ÁSTU í krók og kring en hún horfir á hann full eftirvæntingar)

ILLUGI

Ásta! Þú varst bara stelputryppi þegar ég fór.

(Þögn)

Bíddu við. Ég er með dálítið handa þér.

(ILLUGI opnar eitt koffortið, tekur upp úr því litríkar slæður og réttir ÁSTU)

Hérna! Sjáðu hvað ég keypti.

ÁSTA

En hvað þær eru fallegar.

(ILLUGI tekur eina slæðuna og ber upp að andliti ÁSTU. SIGURÐUR kemur inn)

SIGURÐUR

Þetta er kostagripur sem.. Nú! Hann er strax byrjaður.

(ÁSTA hrekkur frá ILLUGA sem veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið)

ILLUGI

Byrjaður á hverju?

SIGURÐUR

Það var þér líkt, nýkominn heim eftir tíu ára fjarveru, að fara að ausa gjöfum yfir niðursetninginn.

ILLUGI

Ég kom líka með gjöf handa þér.

SIGURÐUR

Eigðu sjálfur þínar gjafir.

(ILLUGI gengur að koffortinu og tekur upp marghleypu í leðurhulstri og réttir í átt til SIGURÐAR. SIGURÐUR hreyfir sig ekki en það er auðséð að honum líst á gjöfina)

ILLUGI

Viltu ekki þiggja af mér þetta lítilræði, Siggi minn.

SIGURÐUR

Er þetta byssa?

ILLUGI

Hún tekur sex skot.

(Sýnir SIGURÐI hvernig á að hlaða byssuna)

Þú setur skotin hérna, smellir þessu upp og hún er tilbúin.

SIGURÐUR

Er hægt að skjóta nokkuð með þessari baunabyssu.

ILLUGI

Ég hef séð þrjá menn drepna með svona byssu á innan við mínútu.

SIGURÐUR

Alltaf jafnlyginn. Það má vera að þetta sé gott tól til manndrápa en er þetta ekki handónýtt veiðibyssu?

ILLUGI

Þú ert fljótur að grípa til hennar.

SIGURÐUR

Jæja, ég skal þá eiga hana fyrst þú endilega vilt.

(INGIBJÖRG kemur inn og GUNNA á eftir henni með eitthvað matarkyns)

Sjáðu mamma. Illugi gaf mér byssu.

INGIBJÖRG

Farðu þér nú ekki að voða, drengur.

GUNNA

(Kyssir ILLUGA)

Svo þú ert kominn aftur, ódámurinn þinn.

ILLUGI

Já, Gunna mín. Þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur.

GUNNA

Ég vona að þú hafir ekki lært neina vitleysu þarna í Ameríkunni. Nóg var af henni fyrir.

INGIBJÖRG

Fáðu þér nú eitthvað að borða drengur minn.

ILLUGI

Fyrst ætla ég að sýna þér hvað ég kom með handa þér.

(ILLUGI tekur upp grammófón og opnar hann. Hann setur á hann plötu og trekkir hann upp)

SIGURÐUR

Hvaða apparat er þetta?

ILLUGI

Bíddu hægur.

(ILLUGI leggur arminn á plötuna og tónlist heyrir. Þau leggja öll við hlustir og færa sig nær. ÁSTA er furðu lostin, hún leggur eyrað að trektinni, bendir og patar en kemur ekki upp nokkru orði)

Nei, Ásta mín. Það er enginn þarna inni. Þetta eru töfrar vísindanna.

GUNNA

Vélabrögð djöfulsins væri nær lagi. Ekki höfðum við svona söngmaskínu í hellinum og komumst við þó vel af.

(ILLUGI tekur upp flösku og glös og hellir í þau)

ILLUGI

Jæja. Þá skálum við.

(Þau skála og ljósin dofna en tónlistin hækkar)

5. ATRÍÐI: GATA Í KAUPSTAÐNUM

(VATNSBERAR bæjarins standa við brunndælu og dæla vatni í fötur.

Sumir ausa úr fötunum á tunnur á vögnum. Það er handagangur í

öskjunni og allir reyna að troðast fram fyrir hina)

GVENDUR GRALLARI

Ég var fyrstur! Ég var fyrstur! Frá með þig, Jói!

KATLA ALLRAGAGN

Ég var næst! Ég var næst!

JÓI SKÓ

Þú komst á eftir mér.

KATLA

Þú lýgur því eins og þú ert langur til, Jói skó!

(KATLA reiðir fötuna yfir höfuð sér og ætlar að berja JÓA með henni en hann víkur sér undan. GVENDUR treður sér að póstinum og byrjar að dæla)

JÓI

Kaupmannsfrúin bíður eftir vatninu fyrir soðninguna.

KATLA

Ætli hún geti ekki beðið eins og aðrir.

GVENDUR

Þegiðu nú Jói eða ég drekki þér í fötunni þinni.

(ILLUGI kemur eftir götunni á reiðhjól sínu. Vatnsberarnir hætta að rífast og góna á hann)

KATLA

Hver er nú þetta?

JÓI

Þetta er einhver Daninn.

GVENDUR

Nei. Heyrðu nú. Þetta er stráfíflíð á Brú. Hann er þá kominn frá Ameríku.

(JÓI notfærir sér það að athyglin beinist annað og fjarlægir fötu GVENDAR undan póstinum en setur sína eigin í staðinn og byrjar að dæla í hana)

KATLA

Getur hann ekki riðið hrossi eins og aðrir?

GVENDUR

Þessi fígúra! Hann hefur alltaf verið stórundarlegur strákurinn. Láttu mig kannast við kauða. Ég var vinnumaður hjá honum Hjálmari á Brú; hann er dauður sem betur fer sá helvítis fantur. Það var aldrei hægt að nota strákin til neins, þetta var svo mikill skýjaglópur.

KATLA

Hann er myndarmaður.

JÓI

Ætli hann liti við þér, glyðran þín?

(GVENDUR uppgötvar nú að JÓI er kominn í dæluna og ræðst á hann)

GVENDUR

Hypjaðu þig frá póstinum, helvítið þitt

(Þeir tuskast. ILLUGI stansar og fylgist með því sem fram fer. HÁKON læknir kemur út úr verslun ásamt ELÍNU dóttur sinni. Þau lenda inni í miðri deilu vatnsberanna og vatnsgusurnar ganga yfir þau)

HÁKON

Hvað gengur hér á?

GVENDUR

Hann fór framfyrir mig í röðinni helvískur.

(ILLUGI kemur aðvífandi og réttir ELÍNU vasaklút)

ELÍN

Þakka þér fyrir

JÓI

Ef ég bíð eftir því að hann hætti að pósta verður allt vatn búið úr brunninum.

HÁKON

Ef það er ekki nóg vatn verðið þið að skipta því á milli ykkar.

KATLA

Sá sem kemur fyrstur fær að pósta fyrstur. Þannig eru reglurnar.

JÓI

Ef þið klárið allt þarf ég að fara í annan brunn og þar verður kannski allt búið líka.

ILLUGI

Má ég smakka á þessu eftirsóttu vatni?

(Bónin kemur nokkuð á óvart en GVENDUR tekur ausu og dýfir í eina fötuna og réttir ILLUGA sem fær sér sopa. Hann grettir sig og spýtir honum út úr sér aftur)

ILLUGI

Þetta er óþverri.

HÁKON

Það er ekki annað vatn að hafa hérna í bænum. Því miður.

(ILLUGI tekur lítinn pela úr silfri upp úr vasanum og sýpur á. Réttir HÁKONI sem hristir höfuðið. Þau færa sig frá VATNSBERUNUM)

ILLUGI

Ég var búinn að gleyma hvað þetta er vont.

HÁKON

Ekki nóg með að það sé bæði lítið og vont. Menn eru með flórinna sinn alveg ofan í brunnunum og svo lekur óþverrinna inn í þá. Það er mikið lán að það hefur ekki komið upp taugaveikifaraldur hérna í bænum ennþá. Ef ég fengi einhverju ráðið þá myndi ég láta loka flestum brunnunum strax.

ILLUGI

Þú ert læknirinn er það ekki?

HÁKON

Mikið rétt. Og þetta er Elín dóttir mín.

(Þau heilsast með handabandi)

ILLUGI

Illugi Hjálmarsson heiti ég, frá Brú.

HÁKON

Þar vantar ekki vatnið.

ILLUGI

Nei. Þar er það bæði mikið og gott.

HÁKON

Ég hef oft verið að velta því fyrir mér hvort landnámsmaðurinn hafi nokkuð stigið í vitið. Fyrst fer hann um blómleg héruð og nemur síðan þetta hrjóstruga útnes. Hann hugsar ekki fyrir því að drykkjarvatn sé í bæjarlandinu og þó er

vatn forsenda fyrir öllu lífi. Þvílíkt idjót! Ég hef oft sagt það við afkomendur hans í bæjarstjórninni að ef við flytjum ekki vatn að bænum þá verðum við að flytja bæinn að vatni.

ELÍN

Pabbi! Maðurinn hefur engan áhuga á þessu?

ILLUGI

Þvert á móti. Ég hef áhuga á öllu sem stefnir til framfara fyrir þjóðina. Á ferðum mínum um Ameríku hef ég komist að því hvað við erum grátlega aftarlega á merinni.

HÁKON

Hversvegna komstu aftur? Kunnirðu ekki við þig?

ILLUGI

Jújú, Ameríka var mér góð og gjöful. En mig langaði til að hitta fjölskyldu mína aftur og reyna að vinna landi mínu eitthvert gagn.

ELÍN

Hvað gerðirðu í Ameríku.

ILLUGI

Ég stundaði viðskipti.

HÁKON

Þetta líkar mér. Loksins einhver sem tekur sig upp og gerir eitthvað annað en að flytja hokrið sitt yfir þvera jörðina.

(Þau ganga af stað. VATNSBERARNIR horfa á eftir þeim)

KATLA

Honum hlýtur að hafa græðst fé í Ameríkunni.

GVENDUR

Ef hann Illugi hefur eignast peninga þá hefur hann stolið þeim. Láttu mig þekkja mitt heimafolk.

6. ATRIÐI: STOFA Í KAUPMANNSHÚSINU

(KARL kaupmaður, ÁRNÍNA kaupmannsfrú og MARGRÉT dóttir þeirra eru að drekka kaffi.)

ÁRNÍNA

Hann ku hafa hagnast á gullgreftri í Alaska. Hann þoldi víst ógurlegar raunir í kuldinum þar nyrðra en hann lét það ekki á sig fá enda er seigt í því Brúarfólkinu.

MARGRÉT

Hvaða vitleysa er þetta, mamma? Hann verslaði með nautgripi. Hann var kúreki og rak stórar hjarðir á milli landshluta í Ameríku.

ÁRNÍNA

Hver heldurðu að verði ríkur á því að reka kýr?

MARGRÉT

Í Ameríku er það hægt. Það er stórhættulegt að reka hjarðirnar því allskyns misindismenn sitja um að stela þeim og þeir þurfa að fara um lönd indjana sem eru blóðþyrstir villimenn.

ÁRNÍNA

Jesús minn!

MARGRÉT

Þess vegna þurfa kúasmalarnir að vera hugrakkir og vel vopnaðir. Þetta getur verið mjög ábatasamt þó áhættan sé mikil.

KARL

Er þetta ekki eitthvað orðum aukið?

MARGRÉT

Nei. Hann gaf bróður sínum byssu eins og kúrekarnir nota.

(ELÍN kemur inn)

ÁRNÍNA

Ég trúi því að hann hafi fundið gull. Það verður enginn ríkur á að elta beljurassa.

ELÍN

Hver var að finna gull, frú Árnína?

ÁRNÍNA

Nú, strákurinn frá Brú. Þessi sem var í Ameríku.

ELÍN

Hann Illugi. Ekki minntist hann neitt á það.

MARGRÉT

Þekkirðu hann?

ELÍN

Við pabbi hittum hann um daginn og röbbuðum við hann.

MARGRÉT

Og hvað sagði hann? Segðu frá!

ELÍN

Svo sem ekkert. Við töluðum aðallega um vatn.

MARGRÉT

Vatn?!

ELÍN

Já, þú veist hvað hann pabbi getur orðið heitur út af vatnsmálunum. Þeir töluðu heillengi um vatnsveitur og ég botnaði minnst í því sem þeir sögðu.

MARGRÉT

Sagði hann þá ekkert af sjálfum sér? Hvað hann var að gera í Ameríku.

ELÍN

Hann fór vestur til að nema land en það átti ekki við hann að vera bóndi svo hann fór að selja bændunum verkfæri og vélar. Svo færði hann út kvíarnar, réði menn í vinnu og fór að byggja hús, grafa brunna og reisa stíflugarða. Eitthvað hefur hann komið nálægt rafmagni líka, skildist mér.

ÁRNÍNA

(Við KARL)

Guði sé lof og dýrð. Þeir eru ekki ofmargir drengirnir núorðið sem eru samboðnir stúlkum af betra standi. Danirnir eru flestir að fara og maður vill helst ekki gifta stúlkur einhverjum bændakurfum sem hafa engan kúltúr. Til hvers væri þá að láta þær læra að sauma út og spila á hljóðfæri?

KARL

Við erum nú einusinni fátæk bændapjóð.

ÁRNÍNA

O, svei því!

KARL

Faðir minn var bóndi.

ÁRNÍNA

Faðir þinn var óðalsbóndi og alþingismaður og hann bjó mestan part hérna í bænum. Hann átti meiri samleið með okkur bæjarbúunum en sveitahyskinu.

(Þögn)

Ég veit ekki hvað er að verða um þennan bæ. Eintómir aðfluttir sveitamenn alltsaman. Kunna ekki að búa í bæ, halda sínar skepnur eins og í sveitinni, hreysin þeirra umkringd mykjuhaugum og sorpinu fleygja þeir út um dyrnar þar sem það hleðst upp. Koppa og kamarföturnar tæma þeir á göturnar sem eru ein fljótandi eðja í vætutið en í þurrkum fýkur óþverrinn í andlitið á fólki. Nei, við þurfum menn sem hafa einhvern kúltúr.

MARGRÉT

(Við ELÍNU)

Mig langar svo að hitta hann. Geturðu ekki kynnt mig fyrir honum?

ELÍN

Ég þekki hann ekkert.

MARGRÉT

Geturðu ekki látið þabba þinn bjóða honum heim? Fyrst þeim kemur svona vel saman. Þá gæti ég komið í heimsókn, svona.. eins og af tilviljun.

ELÍN

Þú ert svei mér góð.

ÁRNÍNA

(Við KARL)

Það verður að kynna drenginn fyrir stúlkunum. Halda boð eða dansleik. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið.

KARL

Ætli það sé ekki best að láta náttúruna hafa sinn gang.

MARGRÉT

Er ekki greiðasala á Brú?

ELÍN

Jú. Það er víst.

MARGRÉT

Getum við ekki farið í lautarferð upp að á. Eða upp að fossi?

ÁRNÍNA

Gat verið! Þið hugsið ekki um annað en skemmtanir og..

(Snöggþagnar og heldur síðan áfram eins og ekkert hafi í skorist)

Ja.. það er ágæt hugmynd. Verst að vagninn okkar er ekki nógu góður.

KARL

Þetta er engin lystikerra. Hann er til að aka vörum.

MARGRÉT

Gerðu það leyfðu okkur að fara pabbi?! Ha? Gerðu það?!

KARL

Þú veist að ég hef ekkert gaman að því að skemmta mér.

ÁRNÍNA

Heilsaðu honum pabba þínum, Elín, og bjóddu honum með okkur

KARL

Læknirinn hefur engan tíma fyrir svona hégóma.

ELÍN

Hann hefði bara gaman að að því að fara.

ÁRNÍNA

Einmitt! Við gætum þá farið í vagninum hans.

KARL

Ég má ekki vera að þessari vitleysu

ARNÍNA

Farðu ekki Karl. Ég er að tala við þig.

MARGRÉT

Þetta verður allt í lagi. Hún lætur hann ekki sleppa. Pabbi! Pabbi! Gerðu það leyfðu okkur að fara!

7. ATRIÐI: GESTASTOFAN Á BRÚ

(ÁSTA og GUNNA bera vatn inn í fötum og hella í kerlaugina)

GUNNA

Ósköp þarf maðurinn að baða sig.

ÁSTA

Hann vill vera hreinn.

GUNNA

Aldrei vorum við hrein þegar ég bjó í hellinum enda varð okkur aldrei misdægurt. Nei, þetta sull í vatni og stripl í kuldalum kann ekki góðri lukku að stýra

(Þögn)

Eftir að ég kom hingað suður þá hef ég þvegið mér fyrir jólin og í kringum Jónsmessuna. En ég passa mig á að fara úr sem minnstu í einu svo ekki slái að mér.

(INGIBJÖRG kemur inn. Hún gengur að kerlauginni og dýfir fingri í vatnið)

INGIBJÖRG

Þetta er ekki nógu heitt.

GUNNA

Vatnið er að hitna. Þetta kerald tekur svo mikið.

(ILLUGI kemur inn. Hann gengur að skáp í herberginu og tekur út flösku og glas. Hellir í glasið og drekkur. GUNNA og ÁSTA fara út)

INGIBJÖRG

Jæja, vinur. Ertu búinn að gera uppvið þig hvað þú ætlar að gera?

(ILLUGI byrjar að afklæða sig. Móðir hans snýr sér undan)

ILLUGI

Ég hef ýmislegt á þrjónunum.

INGIBJÖRG

Ég hef alltaf vonast til að þú myndir taka við búinu.

ILLUGI

(Undrandi)

Ég? Á ekki Siggi að taka við því? Hann er bóndi.

(INGÓLFUR kemur inn)

INGÓLFUR

Ó, fyrirgefið!

ILLUGI

Ekkert að afsaka, vinur. Komdu inn fyrir.

(ILLUGI fer niður í baðið. INGIBJÖRG fer)

INGÓLFUR

Svo þetta er kerlaugin sem er orðin fræg um allar sveitir.

ILLUGI

Já, það þykir merkilegt að einhver vilji vera laus við lúsina. Hvað um þig?

Viltu ekki kaupa af mér kerlaug?

INGÓLFUR

Æ, ég veit það ekki.

ILLUGI

Læknar í Ameríku segja að til að vera heilbrigður þurfi maður að taka kerlaug minnst mánaðarlega og helst vikulega. Sjúkdómarnir þrífast í skítum.

INGÓLFUR

Já, segja þeir það blessaðir.

ILLUGI

Við verðum að fara að líta til annarra þjóða og læra af þeim. Við þurfum að eignast verkfræðinga og vísindamenn. Koma upp rafstöð, vatnsveitu og holræsum til að útrýma myrkri og skít. Leggja járnbraut um landið til að bæta samgöngurnar og fara að nota vélar til að losna frá seigdrepani stritinu.

INGÓLFUR

Hann Gvendur í Holti var að segja mér að þú hafir verið að reyna að selja honum einhver tæki. Hann var skelfingu lostinn við tilhugsunina, karlálftin.

ILLUGI

Hann er ekki sá eini - það þorir enginn að byrja. Á ég ekki að útvega þér rakstrarvél? Eða sláttuvél sem afkastar jafnmiklu og fimm sláttumenn.

INGÓLFUR

Hvað á ég þá að láta strákana mína gera?

ILLUGI

Láttu þá slétta tún, ræsa fram mýrar, byggja ný hús og veiða fisk. Ef þú losar þá frá slættinum gefst þér tóm til að gera jarðarbætur. Framfarir vinur minn, framfarir.

INGÓLFUR

Hvernig er hægt að tryggja að vísindin þín verði ekki notuð til að búa til vígvélar? Enn stórkostlegri drápstól en nú fyrirfinnast.

ILLUGI

Við verðum að treysta á að vísindamennirnir breyti rétt. Þeir eru helstu hugsuðir mannkyns og ef þeim er ekki treystandi þá er það engum.

INGÓLFUR

Sjálfur Leonardo da Vinci dró jöfnum höndum upp vopn og ódauðleg listaverk.

(ÁSTA kemur inn með vatnsfötur og bætir í baðið)

ILLUGI

Þú ert alltaf sami hártogarinn

INGÓLFUR

Og þú sami skýjaglópezurinn.

ILLUGI

Öld vísindanna er að renna upp og þeir sem ekki hlýða kalli tímans verða skildir eftir aftur í öldum. Eigum við að halda áfram að búa í moldarkofunum þegar aðrar þjóðir byggja sér hús úr steini? Eigum við að horfa aðgerðalausir á það að útlendingar moki upp fiskinum okkar? Eigum við að búa við það að börnin okkar deyi flest vegna lélegs aðbúnaðar? Ég segi nei.

INGÓLFUR

Geta vísindin þín ekki létt vatnsburðinum af henni Ástu?

ILLUGI

(Horfir lengi þegjandi á INGÓLF)

Létt vatnsburðinum..?

(Þögn)

Þú ert snillingur, Ingólfur.

INGÓLFUR

Nei, þú ert snillingurinn. Ég er bara heimskur bóndadurgur.

ILLUGI

Ég leiði vatn í húsið. Ég skal sýna þeim..

(Stendur upp úr baðinu og fer í slopp)

Látum þá bara hlæja að mér þegar ótakmarkað vatn rennur af sjálfsdáðum hérna inn í húsið.

INGÓLFUR

Nú er ég búinn að gera hann vitlausan.

ILLUGI

Farðu og náðu í vagn. Nú förum við og athugum hvað við getum fengið af pípum niðri í bænum.

INGÓLFUR

(Fórnar höndum)

Hvað ætlar hann nú að draga mig útí?

(INGÓLFUR fer. ILLUGI klæðir sig. ÁSTA skoðar kerlaugina og gutlar í vatninu með höndunum)

ILLUGI

Farðu bara ofan í.

ÁSTA

Neeei.

ILLUGI

Jú blessuð vertu. Þú hefur gott af því að fara í bað. Þá skánar af þér lyktin.

ÁSTA

(Þefar af sér)

Er lykt af mér?

ILLUGI

Svona! Drífdú þig í baðið. Ég skal snúa mér undan.

(ILLUGI klæðir sig en ÁSTA afklæðist og fer ofan í baðið)

Í framtíðarlandinu flýgur fólk í loftinu og rennur áfram í vögnum sem engir hestar eru spenntir fyrir. Húsin eru upplýst með töfrum, vatnið rennur viðstöðulaust inn í húsin og enginn þarf að strita því vélarnar vinna öll erfiðustu verkin. Í framtíðarlandinu verður enginn veikur því undursamlegar lækningar verða til við öllu og allir hafa nóg að bíta og brenna. Í framtíðinni verður allt gott.

ÁSTA

Ævintýralandið!

ILLUGI

(Brosir)

Ævintýralandið. Svo þú manst eftir því.

(Skoðar hana)

Óskaplega ertu falleg, Ásta.

ÁSTA

Ég er ljót.

ILLUGI

Þú ert ekki ljót. Þú er bara dálítið úr lagi færð og einhvern tíma finna læknar leið til að gera við svona litla galla.

(ILLUGI tekur lak og færir ÁSTU)

Hérna! Vefðu þessu utan um þig svo þér verði ekki kalt.

(Hjálpar ÁSTU upp úr baðinu)

Þú ert prinsessan Fatíma og ég er indverski töframaðurinn Padmanaba og ég ætla að fljúga með þig á töfrateppinu mínu langt út í lönd.

ÁSTA

Hvaða teppi?

ILLUGI

(Breiðir venjulegt ullarteppi á gólfið)

Hérna. Sérðu þetta glitofna teppi. Blái liturinn er eins og litur himins, sá guli eins og sólin, sá græni er grænni en grasið og sá rauði heitari en eldurinn. Hvíti liturinn er bjartari en harðfenni í vetrarsól og sá svartí dimmari en nóttin. Það glitrar á teppið eins og á daggarperlur í sólinni því það er ofið í það með silfur og gullþráðum. Komdu, sestu á teppið, og svo fljúgum við.

ÁSTA

(Sest á teppið)

Hvert eigum við að fara?

ILLUGI

Uss! Ekki spyrja svona mikið, þá hrífur galdurinn ekki.

(Sest á teppið með ÁSTU)

Fljúgðu teppi, fljúgðu, langt út í lönd.

Nú lyftumst við frá jörðinni og svífum upp í loftið.

Ekki svona hratt, teppi, Ásta gæti orðið hrædd.

ÁSTA

Ég er ekkert hrædd.

ILLUGI

Sjáðu! Þarna er höll kalífans í Miklagarði. Hún er risastór og snjóhvít og turnspíurnar teygja sig hálfa leið til himins. Umhverfis hana eru aldingarðar

með litlum tjörnum og gosbrunnum og kalífinn liggur í forsælunni og snæðir dýrlega máltíð með ráðgjafa sínum, stórvesírnum.

Niður teppi, niður.

(Hlustar og lítur síðan á ÁSTU)

Kalífinn býður okkur að snæða með sér.

(Arabísk tónlist heyrist. Þau láta sem þau borði með ímynduðum borðfélögum)

Að launum fyrir þessa dýrlegu máltíð mun Fatíma prinsessa nú dansa fyrir Kalífann.

(Við ÁSTU)

Dansaðu!

(ÁSTA dansar. INGIBJÖRG kemur inn. Hún sér ÁSTU hálfnakta og gengur til hennar með höndina reidda til að slá hana)

INGIBJÖRG

Hvað ertu nú að reyna, dræsan þín?

(ILLUGI aftrar móður sinn frá því að slá ÁSTU. ÁSTA safnar saman fötunum sínum í flýti og hopar til dyra)

ILLUGI

Hún var ekkert að gera. Ég bauð henni bara í baðið.

INGIBJÖRG

Bauðstu henni í baðið?!

ILLUGI

Það verður að nýta vatnið sem best. Vilt þú ekki fara líka?

INGIBJÖRG

Ég ætti nú ekki annað eftir en að fara að setjast í skólpið af niðursetningnum.

(Við ÁSTU)

Hypja þú þig fram, það eru komnir gestir. Og láttu ekki sjá framan í þig; þetta er almennilegt fólk.

(ÁSTA flýtir sér út. Þögn)

Ég hef alltaf gert mér vonir um að þú yrðir mikill maður, Illugi minn. En ég er nú bara heimsk kerling og ég botna satt að segja ekkert í því hvað þú ætlar þér.

ILLUGI

Hafðu ekki áhyggjur af mér, mamma mín.

INGIBJÖRG

Er nokkur framtíð í því að selja þessar vélar? Vill einhver nota þær?

ILLUGI

Vélarnar eru framtíðin.

INGIBJÖRG

Æ, er þetta ekki bara einhver hugdetta hjá þér? Eins og þegar þú raukst til Ameríku.

ILLUGI

Ég er nú ekki alveg á flæðiskeri staddur.

INGIBJÖRG

Það er svo ótryggt að vera í viðskiptum. En ef maður á jörð og eitthvað af skepnum þá þarf maður allavega ekki að svelta.

(SIGURÐUR kemur inn)

SIGURÐUR

Hann Ingólfur er kominn með vagninn.

INGIBJÖRG

Hvert ertu að fara, drengur.

ILLUGI

Til kaupmannsins. Mig vantar pípur og sitthvað smálegt.

INGIBJÖRG

Pípur? Hverskonar pípur?

ILLUGI

Það kemur í ljós

(Fer)

INGIBJÖRG

Hvert er hann nú að ana?

SIGURÐUR

Ekki trúir hann mér fyrir neinu. Hann er ekki mikið fyrir að segja öðrum frá því sem hann er að gera hann bróðir minn.

(Þögn. Hann virðir fyrir sér stóra ferðakoffortið)

Hvað skyldi hann geyma í þessari kistu?

(Reynir að opna koffortið)

Hún er harðlæst.

INGIBJÖRG

Láttu þetta vera! Þú átt ekkert með að vera að hnýsast í eigur bróður þíns.

SIGURÐUR

Hvað er þetta? Ég ætla ekki að skemma neitt. Bara skoða.

INGIBJÖRG

Burt frá koffortinu!

SIGURÐUR

Það eru sumir svo andskoti merkilegir með sig að þeir geta ekki sofið í baðstofunni með hinu fólkinu heldur þurfa að leggja undir sig gestastofuna.

INGIBJÖRG

Hann Illugi er betra vanur eftir Ameríkudvölinu.

SIGURÐUR

Hvað vitum við um það? Hann hefur ekki sagt margt um vist sína í Ameríku. Það sem hann talar mest um eru einhverjir loftkastalar sem hann ætlar að byggja á næstu öld.

INGIBJÖRG

Vertu ekki með þessa vitleysu.

SIGURÐUR

Veist þú hvað hann var að gera þarna fyrir vestan.

INGIBJÖRG

Ja.. hann.. hann var í viðskiptum.

SIGURÐUR

Hvaða viðskiptum?

INGIBJÖRG

Ýmiskonar.. vélar, til dæmis.

SIGURÐUR

Hann er að selja vélar núna - hann hefur reyndar ekki selt eina einustu - en hann hefur aldrei sagt að hann hafi verið að selja vélar í Ameríku.

INGIBJÖRG

Hann hlýtur að hafa selt vélar þar líka.

SIGURÐUR

Þarna sérðu. Þú hefur ekki hugmynd um hvað hann var að gera.

INGIBJÖRG

Hann Illugi er góður drengur..

SIGURÐUR

Hvað á hann að einoka gestastofuna lengi? Það er ekki hægt að selja gistingu hérna fyrir honum og okkur munar um það. Hann hefur alltaf verið bölvður hrappur hann Illugi.

INGIBJÖRG

Ég vil ekki hafa það að þú hallmælir honum bróður þínum. Og hvað gestastofuna varðar þá ræð ég hér húsum ennþá. Hann Illugi getur verið í henni eins lengi og hann vill.

(Þögn)

Þú getur svo haft það eins og þú vilt þegar ég er dauð.

8. ATRIÐI: VIÐ ÁNA

(HÁKON læknir, ELÍN dóttir hans, KARL kaupmaður, frú ÁRNÍNA og MARGRÉT dóttir þeirra eru í lautarferð við ána. Áin rennur rétt við bæinn á Brú. Þau hafa dúkað borð og á því eru vínflöskur og kræsingar)

ÁRNÍNA

Þegar við hjónin erum í Kaupmannahöfn erum við von að fara í skógartúr út í Klampenborg. Það er afskaplega skemmtilegt í Klampenborg, það er svo mikill gróður. Þessi háu tré og hirtirnir hlaupandi allt um kring.

KARL

Já. Kóngurinn drepur þá sér til skemmtunar.

ÁRNÍNA

Hér er allt eitthvað svo.. svo berangurslegt.

HÁKON

Hún er líka falleg, náttúran á Íslandi.

ÁRNÍNA

Ertu viss um að þetta sé náttúra? Þurftu ekki Fjölnismenn að fara til Danmerkur til að finna upp náttúruna?

HÁKON

Það er fleira í náttúrunni en tré. Líttu á fossinn, sjáðu, þarna stekkur lax.

ÁRNÍNA

Þar sem eru tré er þó ekki þessi næðingur.

MARGRÉT

(Við ELÍNU)

Ætli hann sé heima?

ELÍN

Það veit ég ekki.

MARGRÉT

Förum upp að bænum.

ELÍN

Nei. Ég kann ekki við það.

ÁRNÍNA

(Kallar)

Komið og fáid ykkur hressingu.

(ELÍN og MARGRÉT fara að borðinu)

MARGRÉT

Langar þig ekki í kaffi, mamma?

ÁRNÍNA

Kaffi?

MARGRÉT

Já. Við Ella gætum sótt það á Brú.

ÁRNÍNA

Það er afbragðshugmynd.

HÁKON

Hvað eru þeir eiginlega gera, mennirnir?

MARGRÉT

Þetta er furðulegt.

ELÍN

Þarna er Illugi. Hvað er þetta eiginlega?

(ILLUGI, SIGURÐUR og INGÓLFUR standa við heimasníðaðan gosbrunn sem allur er frumstæður og mikið hróf. Þeir bisa við að koma honum fyrir. HÁKON gengur til þeirra)

ILLUGI

Stökktu nú upp í lindina, Siggi, og þegar ég kalla þá sökkvirðu pípunni.

(SIGURÐUR fer. ILLUGI leggst á hnén og fer að brasa við að tengja brunninn)

HÁKON

Hvað eruð þið að gera, piltar?

INGÓLFUR

Þetta er gosbrunnur.

ILLUGI

Ég var að leggja vatn í bæinn og datt í hug að setja upp gosbrunn. Þetta er meira til gamans gert.

HÁKON

Það er ekki verra ef fegurðin fylgir notagildinu.

ILLUGI

Hann er nú ekki sérlega fallegur, enda gerður af vanefnum.

KARL

Já, þetta er nú meira klastrið.

HÁKON

Þetta er fegursti gosbrunnur sem ég hef séð. Ég hef séð marga erlendis úr steini eða marmara en enginn þeirra komst í hálfkvisti við þennan. Því hann er ekki bara skraut, hann boðar nýja tíma.

INGÓLFUR

Eigum við ekki að dást að honum þegar við sjáum hvort hann virkar?

ILLUGI

(Rís á fætur)

Svona. Nú er allt tilbúið.

(Kallar)

Siggi! Niður með hana!

(Þeir horfa allir spenntir á brunninn. Loks frussast vatn úr honum.

Konurnar koma nær)

HÁKON

Hvert rennur vatnið?

ILLUGI

Það rennur í pípu út í ána.

HÁKON

Verkfræðikunnátta þín er meiri en ég átti von á.

ILLUGI

Þetta eru svosem ekki flókið. Vatn rennur alltaf niðurávið. Það er allt og sumt.

(SIGURÐUR kemur)

ÁRNÍNA

Ansi er þetta smellið. Vilja ekki herrarnir fá sér glas af sérri?

(Þau ganga yfir að borðinu. ÁRNÍNA hellir í glös og réttir þeim)

INGÓLFUR

Nei takk. Ekki fyrir mig.

ÁRNÍNA

Er herrann góðtemplar?

INGÓLFUR

Ég hef aldrei þurft að vera í félagi við aðra um skoðanir mínar.

ILLUGI

Ingólfur er nihilisti. Ef hann væri ekki þessi friðsemdarmaður væri hann búinn að sprengja upp landshöfðingjann.

ÁRNÍNA

Guð sé oss næstur.

KARL

Já, gaman væri að sjá hann rjúka í loftið karlinn. Með hatti, korða og öllusaman

ILLUGI

Hér vantar tónlist. Siggí, skrepptu upp í bæ og sæktu grammófóninn og biddu Ástu að koma með kaffi handa fólkinu.

(SIGURÐ langar til að mótmæla en þorir því ekki innan um allt þetta fína fólk og gerir því eins og ILLUGI segir)

HÁKON

Ég vil að við skálum fyrir þessum unga og framsækna manni og megi sá dagur koma að við bæjarbúar fáum rennandi vatn inn í húsin okkar. Skál!

ILLUGI

Það yrðu engin vandræði með það. Hann Ingólfur hérna hefur nóg af vatni, bæði í vatnsveitu og í rafmagnsframleiðslu.

HÁKON

Satt er það.

ILLUGI

Við stíflum ána fremst í dalnum og stækkum vatnið. Við komum upp lóni til að vatnsmagnið verði stöðugara og alltaf eitthvað að grípa til í þurrkatíð.

INGÓLFUR

Það er verst með gæsina. Varplandið hennar fer undir vatn.

ÁRNÍNA

Hún flýgur þá bara eitthvað annað. Það væri himneskt að fá vatn og ljós í húsin.

(SIGURÐUR kemur með grammófóninn, stillir honum upp á stein og trekkir hann upp. Danstónlist berst frá honum)

MARGRÉT

En gaman! Við skulum dansa. Ha! Illugi, dansaðu við mig.

(ILLUGI tekur utan um MARGRÉTI og þau dansa. ÁSTA kemur með kaffi á bakka. Hún er með einn af klútunum sem ILLUGI gaf henni fyrir munninum)

ÁRNÍNA

Hvað eruð þið að hugsa piltar. Dansið við stúlkuna!

INGÓLFUR

Ég kann ekkert að dansa.

ÁRNÍNA

En þú?

SIGURÐUR

Ég er nú ekkert sérlega liðtækur við það.

ÁRNÍNA

En eitthvað kanntu þó. Ert þú ekki bróðir hans Illuga?

SIGURÐUR

Jú. Ég er bróðir hans.

ÁRNÍNA

Þú mátt vera stoltur af því. Við, betra fólkið í bænum, búumst við miklu af honum. Svona. Dansaðu nú!

(SIGURÐUR mannar sig upp og býður ELÍNU upp í dans)

Karl!

KARL

Æ, þarf ég endilega?

HÁKON

Vilt þú gera mér þá ánægju að dansa við mig einn dans, frú Árnína?

(Þau dansa)

INGÓLFUR

(Við ÁSTU)

Jæja. Þá eru allir byrjaðir að hoppa nema við, Ásta mín.

(ÁSTA kinkar kolli)

Þetta er eins og í útlöndum. Gosbrunnur, tónlist og þrúðbúið fólk að dansa. Og hér stöndum við, alþýðan, og kunnum ekki að vera með.

MARGRÉT

(Við ILLUGA)

Mikið átt þú gott að hafa verið í Ameríku. Mig langar svo til að fara þangað en pabbi vill ekki leyfa mér það. Hann segir að það séu bara ræflarnir sem fara.

ILLUGI

Segir hann það já?

MARGRÉT

Guð! Ég meina.. Það er allt annað með þig. Þú ert ekki.. Er það satt að þú hafir verið kúreki?

ILLUGI

Hafa ekki allir rekið beljur einhverntíma?

MARGRÉT

Lentirðu oft í hættu? Hefurðu drepð mann?

ILLUGI

Aldrei að óþörfu.

MARGRÉT

Þú hefur auðvitað drepið indjána. En það er varla hægt að segja að þeir séu menn. Af hverju er hún með klút fyrir andlitinu?

ILLUGI

Hún er með skarð í vör og vill ekki að neinn sjái það.

MARGRÉT

Er þetta systir þín?

ILLUGI

Nei. Þetta er bara aumingi sem var skilin hérna eftir.

SIGURÐUR

(Við ELÍNU)

Ég er nú ekkert sérlega lipur við þetta.

ELÍN

Þér gengur ágætlega.

(ÁRNÍNA og HÁKON hætta fljótlega að dansa og byrja að taka saman)

MARGRÉT

Gefðu okkur meira sérri, mamma.

ÁRNÍNA

Ertu búin úr glasinu? Ungar stúlkur eiga ekki að drekka, þær eiga að dreypa á. Þær eiga ekki að haga sér eins og verstu knæpudónar

KARL

Jæja. Það er ekki til setunnar boðið.

ELÍN

Æ, þurfum við að fara strax?

MARGRÉT

Leyfðu okkur að vera lengur mamma, gerðu það?

ÁRNÍNA

Nei. Nú förum við. Ungu mennirnir geta litið við hjá okkur næst þegar þeir koma í bæinn.

ELÍN

(Við SIGURÐ)

Þakka þér fyrir dansinn.

SIGURÐUR

Já. Fyrirgefðu þetta.

ELÍN

Þú varst ágætur. Þú ættir að fara meira á dansleiki til að fá æfingu. Það eru oft dansleikir í bænum á veturna.

SIGURÐUR

Ef ég fæ að dansa við þig þá kem ég.

ELÍN

(Hlær. Við ILLUGA)

Það var gaman að hitta þig aftur.

ILLUGI

Mætti ég biðja um næsta dans?

ELÍN

Ég verð að fá að eiga hann inni.

HÁKON

Vertu sæll Illugi. Líttu við hjá mér ef þú átt leið um.

ÁRNINA

Já, vertu ævinlega velkominn til okkar líka.

MARGRÉT

Og taktu grammófóninn með þér.

(Þau fara)

ILLUGI

Óskaplega lá þeim á. Komdu Ásta! Dansaðu við mig.

(Þau dansa)

9. ATRIÐI: FUNDUR MEÐ BÆJARFULLTRÚUM

(Bæjarstjórnarfulltrúarnir eru að vinna að fátækramálum. GÍSLI les fyrir en EIRÍKUR skrifar)

GÍSLI

Þórunn Jónsdóttir, 20 ára. Hún er dvergvaxin og hefur lítið þol til vinnu.

EIRÍKUR

Þórunn Jónsdóttir, 20 ára. Dvergvaxin.

GÍSLI

Salvör Helgadóttir, 64 ára. Hún er orðin slitin kerlingin en það er hægt að láta hana nudda eitthvað svolítið við þrónaskap.

EIRÍKUR

Salvör Helgadóttir, 64 ára. Lítilfjörleg.

GÍSLI

Jón Jónsson, ekki vitað hvað hann er gamall. Hann er orðinn karlægur og sonur hans segir að hann geti ekki annast hann enda er hann heilsulaus aumingi sjálfur.

EIRÍKUR

Jón Jónsson, aldur óviss. Karlægur.

GÍSLI

Samúel Karlsson, 49 ára. Kveðst ekkert geta unnið vegna slyss sem hann lenti í við uppskipun fyrir fimmtán árum þegar hestur féll ofan á hann. Ennfremur lenti hann í sjávarháska sem ungur maður og hékk þá lengi á kili í ísköldum sjó þar til honum varð bjargað. Hann segist vera með gigt, vera magnlaus og er stöðugt þungt fyrir brjósti. Þessu fylgir bréf frá læknum þar sem hann staðfestir.. *(les í hljóði)* jájá, þetta virðist í lagi.

EIRÍKUR

Samúel Karlsson, 49 ára. Ég skrifa þá bara: uppgefinn.

HELGI

Hann er ekki uppgefnari en svo að hann hefur hrúgað niður krökkum.

GÍSLI

Hvað á hann mörg börn?

HELGI

Níu, held ég.

GÍSLI

Þetta verður dýrt. Hvað með konuna, getur hún eitthvað unnið?

HELGI

Hún er dauð. Af barnsförum.

GÍSLI

Hvaðan er hann?

HELGI

Hann er héðan. Því miður. Við getum ekki sent reikninginn í annan hrepp.

(Það er barið að dyrum)

GÍSLI

Kom inn!

(Dyrnar opnast og ILLUGI kemur inn)

ILLUGI

Ég á örlítið erindi við bæjarfulltrúana.

GÍSLI

Þú ert strákurinn frá Brú.

ILLUGI

Illugi Hjálmarsson heiti ég. Var læknirinn ekki búinn að tala við ykkur?

GÍSLI

Jú, það er erfitt að fá þann mann til að þagna.

(Þögn)

Svo þú vilt selja okkur vatn?

ILLUGI

Já, ég hafði í hyggju að bjóða bænum að byggja fyrir hann vatnsveitu.

HELGI

Viltu ekki bara að við kaupum af þér bæjarlækinn þinn og flytjum hann hingað? Hahaha!

EIRÍKUR

Hversvegna skyldum við borga fyrir eitthvað sem við fáum nú ókeypis?

ILLUGI

Varla bera vatnsberarnir vatnið ókeypis heim til ykkar?

EIRÍKUR

Satt er það. En ef við sviftum þá vinnunni þá þarf bærinn að sjá fyrir þeim.

ILLUGI

Enda er bænum enginn sómi að því að örvasa gamalmenni séu að bera níðþungar byrðar. Svo ekki sé minnst á sótthættuna því vatnsberarnir eru engin snyrtimenni. Eins og þið vitið best er vatnið í brunnunum bæði lítið og lélegt. Ég býð ykkur þann kost að leggja vatn inn í hvert einasta hús í bænum.

GÍSLI

Og hvaðan á það vatn að koma?

ILLUGI

Ofan frá Vatni. Ingólfur bóndi er í félagi við mig og við munum leiða vatnið í röri til bæjarins og þaðan í pípum inn í hvert hús.

HELGI

Og hvernig á að dæla því hingað.

ILLUGI

Það þarf ekki að dæla því. Hæðarmunurinn sér fyrir því að þrýstingur er stöðugur. Reyndar hafði ég í fyrstu ætlað mér að taka vatnið úr ánum og þá hafði ég í hyggju að nota vindmyllu til að dæla vatninu.

EIRÍKUR

Já vindmyllur eru óneitanlega falleg mannvirki.

ILLUGI

En síðan datt mér í hug að hægt væri að slá tvær flugur í einu höggi, það er að segja ef bæjarstjórnin vildi vera stórhuga.

GÍSLI

Í bæjarstjórnina hafa alltaf valist stórhuga menn.

ILLUGI

Ef áin yrði stífluð uppi í dalnum mætti koma þar upp lóni. Síðan væri hægt að leiða vatnið í röri eða rennu niður að Brú þar sem byggð væri rafmagnsstöð. Fallhraðinn á vatninu myndi knýja túrbínur sem framleiddu rafmagn til að lýsa bæinn og knýja vélar í verksmiðjum. Síðan yrði vatninu veitt í pípum vatnsveitunnar.

(Bæjarfulltrúarnir horfa á ILLUGA eins og hann sé með þrjá fætur.

ILLUGI tekur fram pappírsstranga)

Ég er hérna með teikningar af þessu.

EIRÍKUR

Segðu mér eitt. Yrði vatnið ekki rafmagnað?

GÍSLI

Og laxinn? Hvað með laxinn?

ILLUGI

Vatnið verður jafnferskt og gott og áður.

HELGI

Ertu konunghollur maður, Illugi?

ILLUGI

Konunghollur?

HELGI

Elskarðu kónginn?

ILLUGI

(Brosir)

Ég þekki hann ekki neitt. Hann er án efa ágætur.

HELGI

Hann er ekki bara ágætur. Hann er ágætasti maður sem nú er uppi. Og ef á að nota peninga kóngsins til að byggja vatnsveitu þá verður sá sem hana byggir að vera konunghollur maður.

ILLUGI

Ég hafði nú ekki hugsað mér að kóngurinn borgaði. Það yrði lagður á sérstakur vatnsskattur.

HELGI

Eins og við greiðum ekki nógu háa skatta nú þegar. Með alla þessa ómaga á framfæri bæjarins og vatnsberarnir myndu bætast við.

ILLUGI

Skatturinn þyrfti ekki að vera mikið hærri en það sem þið greiðið nú þegar fyrir vatnsburðinn. Og vatnið og rafmagnið mun auka velmegun í bænum og þar með tekjur bæjarsjóðs.

GÍSLI

Þú ert sonur hans Hjálmars á Brú.

ILLUGI

Já.

GÍSLI

Það var bannsettur þrjótur.

ILLUGI

Það var hann ekki.

GÍSLI

Hann var veiðipjófur. Hann seldi þabba laxveiðiréttindin og svo laumaðist hann í ána.

ILLUGI

Það var aldrei sannað.

GÍSLI

En sjaldan lýgur almannarómur.

ILLUGI

Mér fyndist nær að þið svöruðuð erindi mínu í stað þess að vera að eltast við einhverja drauga úr fortíðinni.

GÍSLI

Hér er ekki spurt um erindi heldur um ætt og orðspor.

ILLUGI

Þið gætuð að minnsta kosti litið á teikningarnar og útreikningana.

EIRÍKUR

Skildu þetta eftir góði. Við lítum á þetta seinna.

(Snýr sér að GÍSLA)

Hvert vorum við komnir?

(Lítur í bókina. Les)

Samúel Karlsson, 49 ára. Uppgefinn.

(Við GÍSLA)

Voru það fleiri?

GÍSLI

(Blaðar í pappírum sínum)

Nei. Ég var ekki með fleiri. En þú Helgi? Ert þú með einhverja.

HELGI

Það er bara fólkið í Neðstabæ. Húsbóndinn og synir hans tveir drukknuðu í vetur og ekkjan stendur uppi bjargarlaus með barnastóðið. Ég er hræddur um að við verðum að gera eitthvað.

(ILLUGI situr sem þrumu lostinn undir þessum umræðum en hann er ekki framar virtur viðlits. Á endanum hristir hann höfuðið og fer, án þess að skilja teikningarnar eftir)

GÍSLI

Við verðum að skipta þeim upp ef hún getur ekki haldið heimili. Það er ódýrara. Hvað eru þetta gömul börn?

HELGI

Tvö eru sex og átta ára svo það mætti koma þeim fyrir því eitthvað gætu þau unnið fyrir sér. En hin þrjú eru of ung.

EIRÍKUR

Varla vinnur konuskepnan mikið með svo mörg ung börn. Getum við ekki látið hana búa áfram í Neðstabæ með einhverri meðgjöf? Hvað heitir konan?

HELGI

Það veit ég ekki. Ég hef aldrei spurt hana að nafni.

10. ATRIÐI: FYRIR UTAN LÆKNISHÚSIÐ

(ILLUGI stendur við dyr læknishússins og ber á þær. Það er nótt og hann er mjög drukkinn)

ILLUGI

(Kallar)

Hákon! Hákon! Opnaðu fyrir mér. Hákon.

(Sýpur úr pyttlu)

Ætlar hann ekki að opna fyrir mér mannskrattinn? Er hann líka á móti mér?

(Ber aftur)

Hákon! Opnaðu!

(Snýr frá húsinu)

Svona eru þessir djöflar. Þykjast styðja mann og flýja svo þegar á hólminn er komið.

(Hann tekur upp smásteina og kastar í gluggarúðurnar)

Hákon! Hvar ertu mannfjandi.

(Gluggi opnast og ELÍN lítur út. Hún er á náttklæðunum)

ELÍN

Illugi? Ætlarðu að vekja allan bæinn?

ILLUGI

Ég þarf að tala við pabba þinn.

ELÍN

Hann er ekki heima.

ILLUGI

Þá bíð ég eftir honum.

ELÍN

Hann fór að taka á móti barni. Hann kemur ekki fyrr en á morgun.

ILLUGI

Ég bíð samt eftir honum.

ELÍN

Ertu drukkinn Illugi?

ILLUGI

Ekki nógu drukkinn. Ég man ennþá hver ég er.

ELÍN

Ég get ekki hleypt þér inn.

ILLUGI

Þá bíð ég bara hérna.

(Sest niður)

ELÍN

Þú deyrð úr kulda.

ILLUGI

Þá depst ég bara. Það gerir ekkert til.

(Byrjar að raula danslagið frá sumrinu)

ELÍN

Uss! Ekki hafa svona hátt! Þú vekur allan bæinn.

(Á báðum áttum)

Bíddu aðeins. Ég kem niður.

ILLUGI

Það er sama hvar ég er

það er sama hvert ég fer

alltaf eru djöflarnir á eftir mér.

(ELÍN kemur út. Hún hefur farið í yfirhöfn yfir náttklæðin)

ELÍN

Þú ættir að fara heim og leggja þig.

ILLUGI

Ég get ekki sofið.

ELÍN

Þú getur ekki verið hérna.

ILLUGI

Einn dans, Elín. Einn dans.

ELÍN

Láttu ekki svona.

ILLUGI

Þú dansaðir bara við fíflað hann Sigga bróður í sumar. Ég á næsta dans.

ELÍN

Seinna. Ég dansa við þig seinna.

ILLUGI

Seinna. Alltaf seinna. Þeir ætla að líta á teikningarnar mínar seinna. Þegar þeir eru búnir að skipa hreppsómögunum niður eða eitthvað álíka bráðnauðsynlegt. Seinna. Seinna ætla þeir að huga að framförum. Seint og um síðir. Um seinan.

ELÍN

(Í vandræðum með hvað hún á að gera)

Viltu ekki fara heim?

ILLUGI

Ég á hvergi heima. Ég þarf ekkert heimili. Allur heimurinn er minn.

(Þögn)

Þú mátt eiga hann með mér.

ELÍN

Hvað ætti ég að gera við hann?

ILLUGI

Deila honum með mér. En seinna. Nú dönsum við.

(ILLUGI byrjar að syngja og ELÍN reynir að þagga niðri í honum)

ELÍN

Hættu þessum hávaða.

ILLUGI

Hér er allt svo lítið og þröngt. Það má ekkert. Ekki syngja. Ekki dansa. Ekki vera til. Í Ameríku má allt ef maður er nógu stór í sniðum til að taka sinn rétt. Þar saknaði ég einskis nema ef til vill stúlku sem væri eins og þú, falleg og skynsöm og góð. Sem gæti legið hjá mér við eldinn og horft með mér á stjörnurnar sem eru svo langt í burtu en virðast þó svo nálægar. Elín, má ég vera hjá þér?

ELÍN

Þú ert ekki almennilegur.

ILLUGI

Ég geng í sjóinn.

ELÍN

Jæja. Komdu þá með mér inn. En þú verður að lofa að hafa ekki hátt svo við vekjum ekki vinnukonuna.

ILLUGI

(Ber fingur að vörum sér)

Uss, ekki vekja vinnukonuna.

(Þau fara inn í húsið)

HLÉ

11. ATRÍÐI: GESTASTOFAN Á BRÚ

(ÁSTA er að undirbúa það fyrir ILLUGA. ILLUGI kemur inn. Hann tekur víNFLÖSKU og hellir í glas)

ILLUGI

Er þaðið tilbúið?

ÁSTA

Já. Ætlaðu að vera heima?

ILLUGI

Nei. Ég þarf að fara aftur í bæinn. Nú stendur mikið til, Ásta. Lestu þetta.

(ILLUGI réttir ÁSTU götugauglýsingu sem hún les)

ÁSTA

" Þar sem enginn þorir þar verða engar framfarir. Enn einusinni gefst hinum heiðruðu borgurum tækifæri til að hlusta á fróðlegan fyrirlestur. Á laugardaginn 4. apríl 1900 kl. 8 á Hótel Kristjánsborg mun hinn ungi snillingur Illugi Hjálmarsson flytja fyrirlestur um vatns- og rafmagnsmál sem hann hefur kynnt sér sérstaklega á ferðum sínum um Ameríku. Mun hann ræða nauðsyn þess að allir bæjarbúar fái rennandi vatn og ljós og hita í hús sín. Það efast enginn um að þessi fyrirlestur verður vel sóttur því spursmálið er brennandi. Aðgöngumiðar fást í verslun undirritaðs og við innganginn. Karl Karlsen."

(SIGURÐUR kemur inn)

SIGURÐUR

Ég sá þig koma. Hvar hefur þú verið?

ILLUGI

Hvað kemur þér það við?

SIGURÐUR

Mér er andskotans sama þó þú drekkir þig í hel en mér kemur það við ef þú ert að flækjast blindfullur niðri í bæ og koma óorði á fjölskylduna.

ILLUGI

Æ, haltu kjafti Siggí.

SIGURÐUR

Þú segir mér ekkert að halda kjafti. Það ganga orðið sögur um þig. Að þú sért að snudda utan í kvenfólki á þessu slarki þínu. Vissu kvenfólki.

ILLUGI

Æ, þegiðu nú.

SIGURÐUR

Þú skalt láta hana vera eða þú hefur verra af.

(INGIBJÖRG kemur inn)

INGIBJÖRG

Eruð þið enn að rífast? Það vildi ég að þið gætuð orðið sáttir.

SIGURÐUR

Það verður seint.

ILLUGI

Litli bróðir minn þykist þess umkominn að leiðbeina mér um hvernig á að lifa lífinu. Samt hefur hann aldrei lifað því, ekki frekar en burðarklár.

SIGURÐUR

Það er ég sem vinn þau verk sem þú ættir að vinna. Það er ég sem rækta þessa jörð sem þú átt eftir að erfa.

ILLUGI

Þú mátt hirða hana. Ég vil hana ekki.

(ÁSTA kemur inn með fötu)

SIGURÐUR

Og á hverju ætlar þú að lifa? Draumum?

ILLUGI

Stærsti gallinn við vitgranna menn er sá að þeir hafa ekki vit á að fela heimsku sína. Samt þurfa þeir ekki að gera annað en að þegja. En þess í stað þá gaspra þeir og öskra þangað til menn nenna ekki lengur að andmæla þeim. Þess vegna stjórna heimskingjar heiminum.

SIGURÐUR

Ég skal drepa þig Illugi.

(SIGURÐUR ræðst á ILLUGA og kaffærir hann í baðinu. INGIBJÖRG grípur í hann en hann hristir hana af sér. ÁSTA reynir að hjálpa ILLUGA. INGIBJÖRG hnígur niður. SIGURÐUR sleppir ILLUGA sem er næstum drukknaður)

Mamma! Mamma! Hvað er að?

(GUNNA kemur hlaupandi inn)

GUNNA

Jesús minn góður! Húsmóðirin..

INGIBJÖRG

(Sér ILLUGA liggjandi á gólfinu)

Illugi! Hvað er að Illuga?

SIGURÐUR

Vertu róleg. Það er ekkert að honum.

INGIBJÖRG

Af hverju liggur hann þarna?

SIGURÐUR

Hann jafnar sig. Hvað er að þér? Hvar er þér illt?

INGIBJÖRG

Mér er svo þungt fyrir brjóstinu.

GUNNA

Við skulum hjálpa henni inn í rúm.

(Þau styðja INGIBJÖRGU út úr herberginu. Hún hefur áhyggjur af ILLUGA en er of máttfarin til að andmæla. ÁSTA stumrar yfir ILLUGA)

ÁSTA

Er allt í lagi með þig?

ILLUGI

Ég verð að fara.

ÁSTA

Þú mátt það ekki.

ILLUGI

Ég verð of seinn.

ÁSTA

Vertu heima. Gerðu það.

ILLUGI

Ég verð að fara. Annars er allt glatað.

(Fer)

ÁSTA

Illugi! Illugi!

(INGIBJÖRG kemur inn. Hún heldur um brjóstið og er óstyrk. GUNNA og SIGURÐUR koma á eftir henni)

INGIBJÖRG

Illugi! Illugi!

GUNNA

Komdu nú inn í rúm manneskja. Þú átt ekki að vera á fótum.

INGIBJÖRG

Illugi? Hvar er Illugi?

ÁSTA

Hann er farinn.

(INGIBJÖRG hnígur niður)

SIGURÐUR

Mamma!

INGIBJÖRG

Ég verð að fá að sjá drenginn minn. Hvar er drengurinn minn?

SIGURÐUR

Mamma. Ég er líka drengurinn þinn.

INGIBJÖRG

Nei. Þú ert sonur hans föður þíns.

SIGURÐUR

Mamma!

INGIBJÖRG

Ég vil ekki að þið rífast. Þið eruð þó bræður.

SIGURÐUR

Ég get ekki að því gert. Hann..

INGIBJÖRG

Ég vil ekki heyra styggðaryrði um hann bróður þinn. Ekki núna.

SIGURÐUR

Nei, mamma.

INGIBJÖRG

Af hverju kemur hann ekki?

GUNNA

Hann kemur fljótlega. Leyfðu okkur að hjálpa þér inn í rúm.

INGIBJÖRG

Þú verður að lofa mér því að vera alltaf góður við Illuga.

SIGURÐUR

Ég.. Ég lofa því.

INGIBJÖRG

Þú verður að hjálpa honum og styðja hann. Hann bróðir þinn er stórmenni.

(Þögn)

Sverðu að hann eigi alltaf athvarf hjá þér, sama hvað gerist.

SIGURÐUR

Ég sver það, mamma mín.

(SIGURÐUR leiðir INGIBJÖRGU út)

GUNNA

Ekki líst mér á hana, blessunina. Þegar hann Jónas minn fékk fyrir brjóstið þá..

(Þagnar)

Hvert var strákasninn að æða?

ÁSTA

Á fund. Hann þurfti að tala.

GUNNA

Já, það vantar ekki að hann geti talað hann Illugi. Ekki skil ég hvað fólk er alltaf að tala um. Þegar ég bjó í hellinum töluðum við oft ekki dögum saman og var þó aldrei neitt ósagt.

12. ATRIÐI: STOFA Í KAUPMANNSHÚSINU

MARGRÉT

Þú lofar að vera almennilegur við hann.

KARL

Ég lofa engu.

MARGRÉT

Pabbi!

KARL

Hvað er þetta? Ég skal ekki vera vondur við hann en ég læt ekki dýrgripinn minn í hendurnar á hvaða dóna sem er.

MARGRÉT

Þú mátt ekki hrekja hann í burtu.

KARL

Ég hrek hann ekki burt! Gerði ég það ekki fyrir þig að halda þennan fyrirlestur hans?

ÁRNÍNA

Þetta er ákaflega nettur piltur og efnilegur.

KARL

Það er auðséð að hann hefur gert kvenfólkið hérna í húsinu hálfvitlaust. Það er ekki talað um neitt annað en þennan dreng.

ÁRNÍNA

Hann er af góðum ættum þó þau séu að vísu ekki rík. Og greindur er hann, á því leikur enginn vafi.

KARL

Það eru ekki allir jafnhrifnir af honum í þessum bæ.

ÁRNÍNA

Já, ekki er að spyrja að öfundinni ef einhver skarar fram úr.

(Það er barið að dyrum)

MARGRÉT

Hann er kominn. Ég skal fara til dyra.

ÁRNÍNA

Vertu kyrr. Stúlkan vísar honum inn.

MARGRÉT

Mundu hverju þú lofaðir pabbi.

(ILLUGI kemur inn)

KARL

Svo þú ætlar að leiða okkur inn í framtíðina.

ILLUGI

Ég ætla að leggja fram hugmyndir sem horfa til framfara fyrir þjóðina. Þessi þjóð er hinsvegar svo frumstæð að hún skilur hvorki hugmyndir né framfarir.

KARL

Seisei, afkomendur kónga og víkinga!

ILLUGI

Mér virðist þjóðin vera á svipuðu þroskastigi og hún var á landnámsöld. Ef eitthvað er þá hefur henni farið aftur, því á landnámsöld höfðu menn skip í förum á milli landa og böðuðu sig. Nú eru skipin í eigu útlendinga og engum finnst ómaksins vert að halda neinu hreinu nema sauðfénu.

KARL

Já, þeir verða að vera velsnyrtir, rollurassarnir, annars líta bændur ekki við þeim.

ILLUGI

Selurðu baðáhöld og baðmeðul fyrir fólk í þinni verslun?

KARL

Ég sel bara það sem fólk vill kaupa.

ILLUGI

Hvað selurðu margar tegundir af böðum og baðmeðulum fyrir kindur?

(KARL horfir á ILLUGA drygklanga stund. Konunum er órótt og búast við því að hann reiðist. Allt í einu skellir KARL uppúr)

KARL

Hahaha! Þú ert svei mér góður! Ég fer að skilja hvað það er sem kvenfólkið sér við þig.

ÁRNÍNA

Ætli það sé ekki best að við förum að hafa okkur til. Ekki megum við koma of seint á fyrirlesturinn.

(KARL hellir í glös fyrir sig og ILLUGA)

KARL

Hérna! Skelltu þessu í þig. Þú mátt ekki vera þurr í kverkunum þegar þú messar yfir pakkinu.

ILLUGI

Takk.

(Hann drekkur úr glasinu og KARL fyllir aftur á það)

Selur þú lax í dósum kaupmaður?

KARL

Auðvitað.

ILLUGI

Og hvaðan kemur hann?

KARL

Frá Danmörku held ég.

ILLUGI

Er danskur lax betri en sá íslenski?

KARL

Það má fjandinn vita.

ILLUGI

Hvor er dýrari, danskur lax í dós eða nýveiddur íslenskur lax?

KARL

Sá danski auðvitað. En hann geymist auðvitað lengur.

ILLUGI

Geymist hann betur en íslenskur lax í dós.

KARL

Það er ekki til neinn íslenskur.. Jahá! Þú ert ágætur.

ILLUGI

Í stað þess að flytja inn niðursoðinn fisk og kjöt ættum við að sjóða niður sjálfir og flytja út. Það er nauðsynlegt að koma upp iðju til að auka fjölbreytni framleiðslunnar og til þess þurfum við afl. Og ef við ætlum að flytja út mat þurfum við að auka hreinlætið því annars vill enginn versla við okkur.

KARL

Það ætlar þú að skaffa. Afl og hreinlæti.

ILLUGI

Já.

KARL

Og varla verður það gefið?

ILLUGI

Ekkert er ókeypis, kaupmaður.

KARL

Veistu það, að mér leiðast þessir menn sem boða framfarir í nafni einhverrar manngæsku. Menn sem segja það eina tilgang sinn að létta stritinu af kotkerlingunum og þurrka horinn úr krakkagemlingunum þeirra. Ég treysti ekki

svoleiðis mönnum. Nei mér líkar betur við menn sem ætla að verða ríkir og ef það leiðir til framfara, er það þá ekki gott og blessað?

ILLUGI

Ef hagur fólksins í kotunum batnar þá skila sér fleiri krónur í kassann til þín.

KARL

Þú ert maður að mínu skapi.

(Hellir í glösin þeirra)

En er það sem mér sýnist? Er sultardropi á nefinu á þér?

ILLUGI

Mig skortir fé. Við Ingólfur, félagi minn, getum veðsett jarðirnar að Brú og að Vatni en það dugir því miður ekki til.

KARL

Semsé, gott. Ágætt. Þrýðilegt. Hver veit nema að ég geti orðið þér að liði.

ÁRNÍNA

Við skulum haska okkur af stað.

MARGRÉT

Ég hlakka mikið til að hlusta á fyrirlesturinn þinn Illugi.

(Þau fara)

13. ATRIÐI: VEITINGASTAÐUR Í KAUPSTAÐNUM

ILLUGI er að halda erindi sitt og bæjarbúar fylgjast með. Í uppstillingu áhorfenda verður að gæta stéttaskiptingar, höfðingjarnir eru næstir ræðumanni, þvínæst koma tómthúsmenn og bændur en fjærst eru dónar og undirmálsfólk og hafa þau verstan aðbúnað)

KARL

Ágætu samborgarar! Yfirskrift þessa fyrirlestrar er: Þar sem enginn þorir þar verða engar framfarir. Djörfung og dugur eru einmitt kostir fyrirlesarans Illuga Hjálmarssonar sem ætlar að svara hinum brennandi spursmálum um vatns- og rafmagnsmálin. Og munið að Verslunin Karl Karlssen hefur aldrei hræðst það að stíga framfaraskref.

(Það er klappað)

ILLUGI

Heiðraða samkoma - herrar mínir og frúr! Það er hugmynd mín að áin verði stífluð uppi í dalnum og öllu vatni hennar veitt í rennu höggna í bergið og síðan eftir málmpípu svo það falli 21 fet niður á iðuhjól er sneri aflvaka. Vatnið rynni síðan inn í vatnsveituna en rafsegulaflið sem myndaðist yrði sent með allhárri straumþrýstingu eftir margþættum koparvír, festum á veleinangraða stólpa, inn að ljósstöð bæjarins. Þar færi það í gegnum breytanda til að minnka eða tempra straumþrýstinguna eftir þörfum og síðan yrði því deilt í kvíslar eftir smáþættari vírum, festum sem fyrr á stólpa eða lögðum í jörð, eftir strætum bæjarins og síðan veitt í vírlykkju gegnum lampa í götunum og í húsin og loks til baka eftir öðrum leiðum til aflvakans.

GVENDUR GRALLARI

(Við KÖTLU)

Sjáðu fíflað sperra sig.

ILLUGI

Hvað getur einn lítilsháttar foss á Íslandi gert? Hann getur lýst og hitað híbýli 5000 manna, prýtt bæinn með ljómandi rafljósakerfi, breytt þorpinu í borg, hreysunum í hallir. Hann getur unnið óaflátanlega, gefið ógrynni auðs og líf og gleði - því fossinum er sama hvort hann fellur á bjargið eða á iðuhjól, öldum hans er sama hvort þær eyðast við strendurnar eða vinna fyrir þúsundir manna og rafstraumnum er sama hvort hann lýsir vita eða lýr járn, knýr vagna eða vefstól, plægir grund, pumpar vatni eða snýr saumavél. Úr þessum fossi má fá 540 hesta afl, dag og nótt, árið um kring, ár eftir ár en það er jafngilt afli 5400 manna sem aldrei þreyttust, aldrei svæfu og aldrei borðuðu. Vilja menn nokkuð til vinna? Eða á þessi og aðrir fossar á Íslandi aldrei neitt að starfa.

(ILLUGI hneigir sig. Áhorfendur klappa en eru mishrífir. HÁKON læknir stendur upp)

HÁKON

Allir þekkja hug minn í vatnsmálinu - mín skoðun er sú að heilnæmt vatn til drykkjar og aukið hreinlæti muni stórbæta heilsu bæjarbúa. Ég fagna þeirri hugmynd okkar unga vinar að ætla að slá tvær flugur í einu höggi og koma upp rafaflsstöð í leiðinni. Þá þurfa bæjarbúar ekki lengur að búa við myrkur, kulda og reyk og svo brjóstsjúkdóma, kvilla og eynd er húsakuldi, myrkur og

eitrað loft hafa í för með sér. Ég vil skora á bæjarstjórnina að greiða götu þessa unga snillings.

(HÁKON sest. GÍSLI stendur upp)

GÍSLI

Bæjarstjórninni hefur borist erindi frá Illuga Hjálmarsyni og hefur það nú til athugunar.

(GÍSLI sest. KARL stendur upp)

KARL

Eins og allir vita hefur verslun mín ætíð reynt að styðja við framfaraviðleitini í þessum bæ og ekki ætlum við að skorast undan núna. Ég lít svo á að vatnsmálið sé mál bæjarstjórnarinnar því varla get ég ætlast til að þið kaupðið af mér vatn.

(Hlátur)

GVENDUR

Það væri eftir fíflinu að reyna að selja vatnið.

KARL

Ég hef lengi selt ykkur olíu á lampa og hún hefur verið sérstök gæðavara. En ég get eins selt ykkur rafmagn á lampana eins og olíu og því hef ég ákveðið að leggja fé í rafmagnsgerðina svo hægt verði að veita birtu og yl inn í þennan bæ.

(Klappað. KARL sest)

HELGI

(Stendur upp)

Ég efast ekki um kunnáttu ræðumanns en ég verð að viðurkenna að ég skildi ekki allt sem hann var að útlista fyrir okkur. Látum það liggja milli hluta enda er ekki nauðsynlegt fyrir bankagjaldkera eins og mig að vera vel að sér í rafmagnsfræðum. En mig langar til að spyrja einfaldrar spurningar ef ég mætti gerast svo djarfur.

ILLUGI

Gjörðu svo vel.

HELGI

Hvað er rafmagn?

ILLUGI

Hvað er rafmagn?

HELGI

Já. Hvað er það?

ILLUGI

(Það er auðséð að spurningin kemur honum á óvart og hann á í talsverðum erfiðleikum með hana)

Rafmagn getur verið búið til með ýmsum hætti, t.d. er ekki nauðsynlegt að nota iðuhjól heldur er einnig hægt að nota yfirfallshjól, straumurinn getur verið byltistraumur eða réttstraumur og tenging ljósa getur verið keðjulýsing eða kerfislýsing.

HELGI

Hægan hægan. Ég var ekki að biðja um lýsingu á aðferðum. Ég vil bara fá að vita hvað rafmagn er.

ILLUGI

Rafmagn er einskonar kraftur sem hægt er að nota til að knýja..

HELGI

Ég veit hvað það getur gert. Þú segir að það sé kraftur sem knýr eitthvað. Gott og vel. Vindurinn er líka kraftur sem knýr, hann knýr seglskipin áfram. Er þá rafmagnið þitt náttúrukraftur eins og vindurinn?

ILLUGI

Rafmagn finnst ekki í náttúrunni nema sem elding.

HELGI

Þú ætlar þér semsé að beisla eldinguna eins og guð úr fornsögu.

(Hluti samkomunnar hlær illgirnisleiga)

ILLUGI

Rafmagn er tilbúið afl..

HELGI

Tilbúið afl segirðu. Og það er hægt að nota það til að hita hús?

ILLUGI

Já.

HELGI

En hvað með kol?

ILLUGI

Kol?

HELGI

Já kol. Er ekki hægt að nota kol til að hita hús?

ILLUGI

Auðvitað er það hægt. En..

HELGI

Ég get sagt þér hvað kol eru. Kol eru dökkir eldfimir steinar sem grafnir eru úr jörð. Þau eru áþreifanleg en það er rafmagnið þitt ekki. Þessvegna spyr ég: Hvað er rafmagn?

ILLUGI

Eins og bæjarfulltrúinn bendir á er rafmagn ekki áþreifanlegt og sannleikurinn er sá að engum hefur enn tekist að útskýra það til hlítar. En því skyldi það valda okkur heilabrotum ef það virkar. Ef það hitar hús og knýr sporvagna.

HELGI

Þú veist semsé ekki hvað rafmagn er?

INGÓLFUR

(Stendur upp)

Þessar hártoganir bæjarfulltrúans valda mér furðu. Hversvegna er hann er að reyna að gera Illuga tortryggilegan? Hann spyr: Hvað er rafmagn?

Hversvegna spyr hann ekki hvaðan vindurinn kemur? Það veit enginn en samt knýr hann skip og snýr mylluvængjum. Það er ekki hægt að þreifa á öllu. Er guð áþreifanlegur? Nei. Samt trúa menn á hann.

HELGI

Þessi samlíking er guðlast.

INGÓLFUR

Það er ekki hægt að lasta það sem er ekki til.

HELGI

Trúi þú ekki á guð?

INGÓLFUR

Nei ég trúi ekki á guð sem er svo grimmur að hann vill ekki taka við saklausum hvítvoðungum ef þeir deyja óskírðir. Ég get ekki trúað á guð sem er ekki réttlátur.

HELGI

En félagi þinn, trúir hann á guð?

ILLUGI

Já, ég trúi á guð.

HELGI

Það er gott að heyra að hann trúir á fleira en rafmagnið.

KARL

(Stendur upp)

Jæja. Þetta er allt gott og blessað en nú fer spekin að verða of háleit fyrir mig. Mig fer alltaf að syfja þegar menn gerast gáfulegir.

(Hækkar róminn)

En munið að Verslunin Karl Karlsen styður þennan unga snilling í allri hans framfaraviðleitni.

HÁKON

Þakka þér fyrir þitt ágæta erindi, Illugi. Líttu við hjá okkur þegar þú mátt vera að.

(HÁKON snýr sér að KARLI og ÁRNÍNU og talar við þau)

ELÍN

Já. Hvenær ætlaðu að koma til okkar?

ILLUGI

Fljótlega. Ég kem fljótlega.

ELÍN

Ertu alveg búinn að gleyma mér Illugi?

ILLUGI

Auðvitað ekki.

ELÍN

Komdu til mín. Ég þarf að tala við þig.

MARGRÉT

Þakka þér fyrir Illugi. Ég skildi reyndar ekki alveg allt sem þú sagðir en þú sagðir það svo vel. Þetta var svo.. svo..

HELGI

Fróðlegt?

MARGRÉT

Já einmitt. Fróðlegt. Fannst þér þetta ekki fróðlegt Ella?

ELÍN

Ha? Jújú.

(Betrá fólkið tínist út)

KATLA

(Horfir á þau kveðjast)

Sérðu þá stuttu. Hún ætlar sér eitthvað.

GVENDUR

Dóttir kaupmannsins? Þar hittir andskotinn ömmu sína.

KATLA

Þau yrðu gæsilegt par.

GVENDUR

En varla kæra þau sig um þriðja hjólið undir vagninn.

KATLA

Hvað ertu að þvæla maður?

GVENDUR

Það vill svo til að ég sá ónefndan ræðumann og framfarablesa laumast inn í ónefnt hús. Það var kvenmaður sem hleypti honum inn.

KATLA

Hver var það?

(GVENDUR hvíslar í eyra KÖTLU og hún skríkir yfir sögunni)

HELGI

Já, ég þakka kærlega fyrir mig. Þetta var einkar.. fróðlegt.

ILLUGI

Þakka þér fyrir komuna. Það er gott að þið sáuð ykkur fært að mæta.

EIRÍKUR

Við hefðum ekki viljað missa af þessu.

GÍSLI

Nei, það gerist ekki svo margt í þessum bæ.

HELGI

Hehehe. Vertu blessaður.

ILLUGI

Verið þið sælir.

(Bæjarfulltrúarnir fara)

Merkikerti.

GEIR

Er það satt sem ég hef heyrt að það eigi bara að leiða vatn og rafmagn til höfðingjanna?

ILLUGI

Það hefur enginn talað um það. Annars er það skoðun mín að kotin eigi að rífa og byggja í stað þeirra hús úr steini. Má ekki bjóða þér í glas?

GEIR

Ég drekk ekki með mönnum sem ætla að rífa húsið mitt.

ILLUGI

Ég ætla ekki að rífa það. Ég..

GEIR

Langafi minn byggði bæinn og afi minn bætti við hann eins og faðir minn og ég sjálfur. Svo kemur þú með einhverjar grillur frá útlöndum og segir að það eigi að rífa það sem margar kynslóðir hafa byggt upp.

ILLUGI

Ég sagði bara..

GEIR

Já, farðu í helvíti með allt þitt brask.

(GEIR fer)

INGÓLFUR

Hann skiptir um skoðun.

ILLUGI

Heldurðu að alþýðan þín hafi einhverja skoðun til að skipta um? Hún fylgir bara þeim sem er sterkastur.

INGÓLFUR

Þá þurfum við að vera sterkir Illugi.

ILLUGI

Hversvegna ertu að þessu?

INGÓLFUR

Hverju?

ILLUGI

Að hjálpa mér. Ætlaðu að hrekja burtu gæsinnar þínar vegna vinskapar við mig?

INGÓLFUR

Gæsinnar hafa vængi, alþýðan er ófleyg. Ég vil að börnin okkar lifi vorið af.

ILLUGI

Af hverju viltu ekki drekka með mér. Ég vantroysti fólki sem drekkur ekki.

INGÓLFUR

Þú drekkur fyrir okkur báða.

(INGÓLFUR fer og ILLUGI situr eftir einn í auðum salnum)

14. ATRIÐI: GESTASTOFAN Á BRÚ

(ÁSTA situr á rúmi ILLUGA. Hún er að bíða eftir honum. Hún les í nýjateamentinu)

Þá mun hvorki hungra né þyrsta framar og ekki mun sólarhiti eða nokkur bruni á þá falla. Því lambið sem er fyrir miðju hásætinu mun gæta þeirra og vísa þeim á lifandi vatnslindir og Guð mun þerra hvert tár af þeirra augum.

(Flettir)

Sá sem í hásætinu sat, sagði: sjá ég gjöri allt nýtt; hann sagði við mig: skrifaðu að þessi orð eru trúanleg og sönn. Enn framar sagði hann við mig: það er skeð; eg em Alfa og ómega, upphaf og endir. Þeim þyrsta skal ég ókeypis gefa að drekka af uppsprettu lífsins vatns.

(KATLA og GVENDUR styðja ILLUGA inn í gestastofuna. Hann er dauðadrukinn)

ILLUGI

Gunna! Gunna! Komdu hingað kerlingarræksni!

(Við GVEND og KÖTLU)

Gjörið svo vel og fáðið ykkur sæti. Ég ætla að finna eitthvað handa ykkur að drekka.

(Hann gengur að vínskápnunum og fer að gramsa þar)

GVENDUR

Hér er ekki í kot vísað.

KATLA

Gott verður að fá eitthvað í gogginn.

ILLUGI

Ég var búinn að lofa ykkur mat og mat skuluð þið fá. Þið skuluð ekki halda að ég sé eitthvert illmenni sem ætlar að taka frá ykkur vinnuna. Lífsbjörgina. Nei. Ég skal sjá til þess að þið fáið eitthvað þarfara að gera en að strita við vatnsburð. Gunna!

KATLA

Guð mun launa þér fyrir gæsku þína við aumingja eins og okkur.

ÁSTA

Illugi. Mamma þín er dái.

ILLUGI

Hver heldurðu að skilji þig? Reyndu að tala almennilega.

ÁSTA

(Fer að gráta)

Þú hefur alltaf skilið mig.

ILLUGI

Og ekki skánar það ef þú ferð að hrína líka.

ÁSTA

Þú verður að fara að sofa núna. Fara að sofa. Sofa.

(ÁSTA byrjar að hátta ILLUGA. Hún nær af honum hattinum og tekst að drega hann úr stígvélunum. GUNNA kemur inn)

GUNNA

Guð sé oss næstur! Og húsmóðirin..

ILLUGI

Gunna! Gefðu þessu fólki að éta.

GUNNA

Illugi. Hún mamma þín..

ILLUGI

Já, mér er sama hvað hún segir. Ég er húsbóndi í þessu húsi. Nú höldum við veislu. Sæktu mat! Það á að éta og drekka og syngja og dansa.

(ILLUGI trekkir upp grammafóninn og spilar plötu)

Dansið þið, andskotinn hafi það, verið glöð.

(GVENDUR og KATLA byrja að dansa)

Dansaðu Ásta! Eins og í gamla daga. Dansaðu.

(ÁSTA grætur en GUNNA horfir á í forundran. ILLUGI þrífur í ÁSTU)

Dansaðu við mig Ásta.

(SIGURÐUR kemur inn. Hann er á nærklæðunum, tryllingslegur og heldur á skammbyssunni. Hann lítur eldsnöggt í kringum sig en skýtur síðan á grammafóninn. Tónlistin þagnar)

SIGURÐUR

Svona. Þá er þessi glymskratti þagnaður.

(Bendir á GVEND og KÖTLU með skammbyssunni. Þau verða dauðhrædd)

Hvaða hyski er þetta?

GVENDUR

Manstu ekki eftir mér Siggí minn? Þetta er bara hann Gvendur sem..

SIGURÐUR

(Við ILLUGA)

Hvað er þetta fólk að vilja hérna?

ILLUGI

Þau eru gestir mínir. Viltu gjöra svo vel að koma fram við þau af kurteisi.

SIGURÐUR

Hér ræður þú ekki húsum lengur svo þú átt ekkert með að bjóða hingað gestum.

(Við GVEND og KÖTLU)

Út með ykkur!

(GVENDUR og KATLA forða sér en GVENDUR sætir lagi og stelur hatti og stígvélum ILLUGA án þess að neinn taki eftir)

GUNNA

Illugi minn. Hún mamma þín er dái.

(ILLUGI horfir á hana skilningssljór)

Hún spurði mikið um þig því hana langaði..

SIGURÐUR

Hún vildi sjá eftirlætið sitt en hann var niðri í bæ að gera sig að fífl.

(ILLUGI fer að gráta)

Já, grenjaðu bara því nú er hóglífið þitt búið. Það kemur ýmislegt í ljós þegar fólk deyr. Ég fór að skoða pappíra og þó ég sé ekki vel læs þá gat ég þó stautað mig fram úr einu merkilegu skjali. Þar segir að eftirlætið hennar mömmu sinnar hafi fengið greiddan út arfinn sinn og eigi því ekkert tilkall til jarðarinnar. Það þóttu mér merkilegar fréttir. En ég asnaðist til að lofa henni mömmu að sjá um þig svo ég get því miður ekki rekið þig á dyr. En þú skalt hypja þig út úr gestastofunni og það strax.

(SIGURÐUR fer. ILLUGI grætur og ÁSTA reynir að hugga hann. Ljósinn fara hægt niður í algjört myrkur)

15. ATRIÐI: BAÐSTOFAN Á BRÚ

ILLUGI

Ásta! Ásta! Hvar ertu?

(Örvænting)

Hvar ertu?! Ásta? Ég veit ekki hvar ég er.

ÁSTA

Illugi? Hvar ertu?

ILLUGI

Ég veit ekki hvar ég er.

(ÁSTA kveikir á eldspýtu og síðan á lampa. Það birtir lítillega í herberginu og það sést að ÁSTA liggur í rúminu en ILLUGI stendur á lengdar)

ÁSTA

Ég er að koma.

(Hún fer fram úr rúminu og gengur til ILLUGA. Blíðlega leiðir hún hann að rúminu sínu og lætur hann leggjast og breiðir yfir hann)

Leggstu og vertu góður. Ásta er hjá þér.

GUNNA

(Hefur vaknað)

Gengur hann enn í svefni?

ÁSTA

Já.

GUNNA

Sjaldan er ein báran stök. Fyrst deyr húsmóðirin og nú er sonurinn orðinn sturlaður.

ÁSTA

Hann er ekki sturlaður.

GUNNA

Bágt á hann að minnsta kosti auminginn.

(Það birtir örlítið í herberginu)

Æ, það tekur því ekki að fara aftur að sofa.

(Hún stendur upp og klæðir sig)

ILLUGI

Ásta.

ÁSTA

Já.

ILLUGI

Leggstu hjá mér.

GUNNA

(Tautar)

Það veit ég að þetta hefði ég ekki liðið í hellinum og vorum við þó ekki eins fínt fólk og sumir.

(ÁSTA leggst hjá ILLUGA)

Það fer hjúunum best að vita sem minnst um það sem húsbændurnir sýsla.

(Hún fer. Það birtir enn. Þögn)

ILLUGI

Það er kominn dagur.

ÁSTA

Eigum við að fara á fætur?

ILLUGI

Nei. Ég fer ekki á fætur í dag.

(Það er orðið albjart)

Það er svo mikið myrkur í mér ennpá.

ÁSTA

Ég veit það vinur minn.

(SIGURÐUR kemur inn og ELÍN í humátt á eftir honum. Hún er óörugg)

SIGURÐUR

Sjáðu! Þarna liggur hann. Í kör hjá niðursetningnum.

(Við ILLUGA)

Það er kominn gestur til þín.

ILLUGI

Ég vil ekki fá neina gesti.

SIGURÐUR

Reyndu nú að rífa þig upp úr þessum andskotans aumingjaskap og vera eins og maður.

ILLUGI

Ég vil bara fá að vera í friði.

ELÍN

Ég verð að fá að tala við þig, Illugi.

(ILLUGI sest fram á rúmstokkinn og fer að tína á sig einhverjar spjarir)

SIGURÐUR

(Við ELÍNU)

Finndu mig áður en þú ferð

(ELÍN kinkar kolli til samþykkis og SIGURÐUR fer)

ILLUGI

Hvað viltu mér?

ELÍN

Þú lætur eins og við höfum aldrei þekkt.

ILLUGI

Ég vil bara fá að vera í friði.

ELÍN

Skilur hún eitthvað?

ILLUGI

Því skyldi hún ekki skilja?

ELÍN

(Ber höndina upp að munninum)

Af því hún..

(Þagnar)

ILLUGI

Hún er ekki fáviti ef það er það sem þú ert að spyrja um.

ELÍN

Getur hún ekki farið?

ILLUGI

Spurðu hana sjálf.

(ELÍN veit ekki hvað hún á að gera en ÁSTA tekur af skarið og fer)

ELÍN

Það er langt síðan þú hefur heimsótt okkur.

ILLUGI

Ég hef verið önnum kafinn.

ELÍN

Við hvað? Að liggja hjá niðursetningum? Eða kaupmannsdætrum? Þér er kannski alveg sama hvort er?

(Þögn)

Þú ert kannski svo önnum kafinn við að nota kvenfólk og kasta því frá þér að þú hefur engan tíma fyrir útjaskaðar dulur eins og mig.

ILLUGI

Hvað viltu mér?

ELÍN

Hvað heldurðu fíflað þitt? Ég er ólétt, andskotinn hafi það.

(Þögn)

ILLUGI

Og þú ætlar að kenna mér barnið?

ELÍN

Hver ætti það annars að vera?

ILLUGI

Hvað veit ég um það hverjum þú hleypir inn til þín um nætur?

ELÍN

Jújú, þeir standa breimandi í röðum fyrir utan gluggann minn. Ég geri fátt annað en að smygla þeim framhjá pabba og vinnukonunni.

(Þögn)

Það var enginn annar.

ILLUGI

Hvað veit ég um það?

ELÍN

Hvað þú getur verið andstyggilegur. Þú sem sagðist elska mig.

ILLUGI

Ég var fullur.

ELÍN

Og ég var það fífl að trúa þér.

(Þögn)

Hvað á ég að gera?

(ILLUGI ansar engu en skríður upp í rúmið og breiðir upp fyrir höfuð)

Þú verður að hjálpa mér

(ILLUGI þegir)

Svaraðu mér!

(Þegar ILLUGI svarar engu rennur á hana æði, hún grætur hamslaust og ræðst á hann og reynir að rífa af honum sængina en hann heldur henni fastri. Þá lætur hún hnefahögginn og fúkyrðin dynja á honum en hann hreyfir sig ekki og ansar engu. ÁSTA kemur inn)

Þú ert viðbjóðslegur. Ég myndi ekki vilja þig þó þú værir eini maðurinn í heiminum, skepnan þín. Helvítishelvítishelvíti..

(Hún hættir að berja og lætur sig falla ofan á ILLUGA og grætur.)

ÁSTA

Hann er ekki vondur.

ELÍN

(Hættir að gráta)

Hvað ertu að reyna að segja?

ÁSTA

Hann er veikur.

ELÍN

Leggstu hjá honum glyðran þín. Þið hæfið hvort öðru, þú ert afskræmd að utan en hann að innan.

(ELÍN fer)

ÁSTA

Hún var reið. Afhverju var hún svona reið við mig?

(Snökt heyrir undan sænginni)

Ertu að gráta Illugi?

(Snökt)

Svona svona. Ásta er hjá þér.

(ÁSTA skríður undir sængina hjá ILLUGA)

16. ATRÍÐI: FUNDUR MEÐ BÆJARFULLTRÚUM

EIRÍKUR

Og hvar er svo snillingurinn ungi? Hversvegna heiðrar hann okkur ekki með nærveru sinni?

INGÓLFUR

Illugi er því miður veikur. Hann tók fráfall móður sinnar mjög nærri sér og veiktist upp úr því.

HELGI

Annað hefur maður heyrt.

INGÓLFUR

Hann hefur gefið mér að umboð til að semja við bæjarstjórnina.

GÍSLI

Ef við höfum eitthvað um að semja.

INGÓLFUR

Hafið þið fengið betra tilboð?

EIRÍKUR

Við höfum haft spurnir af því að það sé hægt að vinna afl úr fleiru en fossum, til dæmis gasi og kolum. Einn lærður vinur minn las líka einhversstaðar að í útlöndum hugi menn að því að beisla sjávarföllin til að framleiða raf afl. Hefur Illugi heyrt eitthvað um þá aðferð?

INGÓLFUR

Ekki hefur hann minnst á hana.

GÍSLI

Svo hefur bærinn líka heilmikla mótekju. Er ekki hægt að vinna rafafl úr mó?

HELGI

Það væri synd og skömm ef mórinn færi til spillis.

INGÓLFUR

Ég hef nú ekki þekkingu..

EIRÍKUR

Það eru miklir fjármunir í húfi fyrir þetta fátæka bæjarfélag.

INGÓLFUR

Varla getur þessi upphæð talist mjög há. Ekki þegar tekið er tillit til þess að árlega kaupa bæjarbúar kol og olíu fyrir..

GÍSLI

Við verðum að fara með gát og kanna alla möguleika.

INGÓLFUR

Við höfðum gert okkur vonir um að okkur tækist að ljúka verkinu áður en nýja öldin gengur í garð. Til þess að geta það þurfum við að nota sumarið vel og ameríska rafmagnsfélagið vill fá einhver svör.

EIRÍKUR

Já, sumarið er stutt á Íslandi.

INGÓLFUR

Ef bæjarstjórnin ætlar að draga lappirnar í þessu máli þá verðum við að leita annað.

HELGI

Það er nú altalað að ekki sé á vísan að róa með stuðning kaupmannsins og læknisins.

INGÓLFUR

Hver segir það?

HELGI

Almannarómur kallinn minn. Almannarómur. Sjaldan lýgur hann.

17. ATRIÐI: HÚS KAUPMANNSINS

(BÆJARFULLTRÚARNIR eru í heimsókn hjá KARLI)

KARL

Sælir, sælir, sælir! Fáid ykkur sæti og sýnið af ykkur kæti.

GÍSLI

Þakka þér fyrir kaupmaður.

KARL

Nú skal ég láta stúlkuna koma með kaffi. Eða viljið þið heldur portara?

EIRÍKUR

Við ætlum ekkert að stansa.

HELGI

Embættisverk, skilurðu? Embættisverk.

KARL

Hvað helvíti eruð þið leiðinlegir. Jæja þá?

GÍSLI

Það er þetta vatnsveitu- og rafmagnsmál..

KARL

Já, framfarirnar. Framfarirnar.

EIRÍKUR

Eins og þú veist þá hafa bæjarbúar ekki verið á eitt sáttir um það.

HELGI

Gasið. Kolin og olían. Og auðvitað mórinn.

KARL

Mórinn?

HELGI

Já, ekki má láta hann fara til spillis.

GÍSLI

Þetta mál kemur ef til vill ekki mikið við þig, því þú hefur bara selt þetta lítilræði af olíu..

KARL

Já. Tómt vesen. En maður verður að þjónusta sína viðskiptavini.

GÍSLI

..en við kolakaupmennirnir höfum þungar áhyggjur af þessu máli.

EIRÍKUR

Við verðum líka að hugsa um þá sem hafa atvinnu af kolaburðinum.

HELGI

Nógu margir eru ómagarnir.

GÍSLI

Við förum bara fram á það að þú sýnir samstöðu með okkur hinum kaupmönnum.

KARL

Ja, ég var eiginlega búinn að lofa honum Illuga þessu. Og henni Margréti minni.

EIRÍKUR

Ég er hræddur um að það verði sjálfhætt hjá honum.

KARL

Því þá það?

EIRÍKUR

Maðurinn er eignalaus. Bróðir hans á Brú.

HELGI

Og ekki er bróðurkærleikurinn á milli þeirra.

GÍSLI

Stendurðu með okkur eða ekki?

(ÁRNÍNA og MARGRÉT koma inn)

ÁRNÍNA

Komið þið sælir herrar mínir. Hvað er þetta, Karl? Hefurðu ekki boðið þeim neitt?

EIRÍKUR

Ómögulega takk. Við erum að fara.

HELGI

Þó gaman væri að dvelja lengur í þessum yndisfagra félagsskap.

GÍSLI

Við treystum því að kaupmaðurinn taki rétta ákvörðun. Verið þið sæl.

(BÆJARFULLTRÚARNIR fara)

ÁRNÍNA

Ég hef aldrei vitað annað eins. Vilja ekkert þiggja. Eru nú mannasiðirnir farnir líka hjá betra fólkinu?

KARL

Heyrðu Margrét mín. Ég er hræddur um að ég geti ekki stutt hann Illuga þinn lengur.

MARGRÉT

Hann er ekkert Illugi minn.

KARL

En ég hélt..

MARGRÉT

Hann er viðbjóðslegur. Ég vil ekki sjá hann framar.

(Hleypur út)

KARL

Hvað er að stelpunni?

ÁRNÍNA

Veist þú ekki hvað er að gerast í kringum þig? Þú hlýtur að vera eini maðurinn í þessari bæjarnefni sem veist ekki hvernig er komið fyrir honum Illuga. Þegar mér verður hugsað til þess að hann var næstum orðinn tengdasonur okkar þá rennur mér kalt vatn milli skinns og hörunds.

(Flýtir sér út á eftir MARGRÉTI)

Margrét mín! Bíddu Margrét mín!

(Fer út á eftir móður sinni)

KARL

Hvernig ætti ég að vita eitthvað? Enginn segir mér neitt.

(Þögn)

Skrattinn! Mér líkaði ágætlega við strákinn.

18. ATRIÐI: BAÐSTOFAN Á BRÚ OG ÁSINN FYRIR OFAN BÆINN

(ILLUGI liggur í rúminu. Hann sefur óvært og hefur slæmar draumfarir.

ÁSTA fylgist áhyggjufull með honum)

ILLUGI

Neinei.. nei, ég vissi það ekki.. ekki.. látið mig vera. Það var ekki ég, það var hann. Það var hann.

(INGÓLFUR kemur inn.)

Henderson? Nei.

(Það korrar í ILLUGA eins og það þrengi að vitum hans)

Guð minn góður, þeir ætla að drepa mig líka.

(Hann sest upp, með hendur fyrir aftan bak eins og þær séu bundnar)

Nei.. Nei.. Nei..

INGÓLFUR

Hvað er að? Af hverju lætur hann svona?

ÁSTA

Það er alltaf svona.

INGÓLFUR

Dreymir hann alltaf sama drauminn?

ÁSTA

Já.

ILLUGI

Mamma! Mamma! Hjálpaðu mér! Leystu mig.

INGÓLFUR

(Hristir ILLUGA)

Illugi! Illugi! Vaknaðu maður.

ILLUGI

(Berst um og reynir að losna)

Látið mig vera. Ég hef ekkert gert. Látið mig vera!

(Vaknar og áttar sig)

Ó. Ert þetta þú?

INGÓLFUR

Hvað dreymdi þig? Þú gerðir mig dauðhræddan.

ILLUGI

Það var ekkert.

(Þögn)

Komstu með það sem ég bað þig um?

(INGÓLFUR dregur upp flösku og réttir honum. ILLUGI dregur úr henni tappann og þambar)

INGÓLFUR

Ég vildi óska að þú létir þetta vera.

(Þögn)

Hvað var þig að dreyma?

ILLUGI

Einhverja bölvada vitleysu.

(Þögn)

Hvað sögðu þeir?

INGÓLFUR

Það eru einhverjar vöflur á þeim.

ILLUGI

Maður gæti haldið að það væri glæpur að vilja lýsa upp andskotans myrkrið í þessu landi.

INGÓLFUR

Þeir furða sig á því að þú komir ekki sjálfur. Þeir eru óöruggir. Þegar fólk er óöruggt finnst því best að gera ekki neitt.

ILLUGI

Sá sem engu vogar vinnur ekkert.

INGÓLFUR

Segðu þeim það.

ILLUGI

Ég get það ekki. Ekki enn.

(Þögn)

Myrkur þessarar aldar þrengist að hálsinum á mér og ætlar að kyrkja mig. Ég get ekki beðið eftir að nýja öldin komi.

INGÓLFUR

Ný öld er eins og nýr dagur. Ekkert breytist þó hann renni upp. Við getum ekki breytt heiminum nema með verkum okkar.

(Þögn)

Annars vilja þeir vísu menn í bæjarstjórninni helst vinna rafafl úr mó. Eða úr sjávarföllunum.

ILLUGI

Það borgar sig ekki að nota mó. Hinsvegar væri það möguleiki að vinna rafafl úr krafti sjávarfallanna. Vandamálið er hvernig hægt er að fá snúning út úr hreyfingu sem er lárétt, fram og aftur.

INGÓLFUR

(Gengur að grammófóninum og skoðar hann. Reynir að koma honum í gang)

Hver er Henderson?

ILLUGI

(Undrandi)

Henderson? Hvað með hann?

INGÓLFUR

Þú kallaðir nafn hans upp úr svefninum.

ILLUGI

Gerði ég það?

(Þögn)

Henderson var kunningi minn í Ameríku. Ég erfði þetta koffort eftir hann. Hann var drykkjurútur, lygari, svindlari og þjófur og nú er hann dauður.

INGÓLFUR

Hefurðu verið að blekkja mig, Illugi?

ILLUGI

Blekkja? Er ekki allt líf manns lygi? Spurningin er bara hvort það er af ásetningi eða dugleysi. Getur þú sagt mér það hvað sannleikurinn er?

INGÓLFUR

Það sem við teljum réttast.

ILLUGI

Við? Eða bæjarstjórnin? Hver á að dæma um það?

(Þögn)

Ég get byggt þessa vatnsveitu. Og rafafsstöðina líka. Ég veit hvað ég er að gera.

INGÓLFUR

Ameríska félagið? Það er til er það ekki?

ILLUGI

(Sækir bréf og réttir honum)

Þig myndi ég aldrei svíkja, Golli. Þú ert vinur minn.

INGÓLFUR

Það er á ensku.

ILLUGI

Auðvitað.

INGÓLFUR

Ég kann bara þetta hrafl í dönsku og þýsku og frönsku, já og svo auðvitað latínuna og lítilræði í rússnesku..

ILLUGI

Ertu að reyna að telja mér trú um að þú lesir ekki ensku.

INGÓLFUR

Æ, mér hefur alltaf fundist það svo fáfengilegt tungumál að ég hef aldrei nennt að læra það. Jæja. Ég held að hann sé kominn í lag.

(Hann trekkir grammófóninn og spilar plötu)

ILLUGI

Alltaf kemurðu mér á óvart. Þú ert snillingur. Okkur tveimur er ekkert ómögulegt. Hversvegna skyldum við vera að elta uppi þessa afdalakarla í bæjarstjórninni. Þeir geta farið til andskotans. Hversvegna skyldum við hugsa eins og kotkarlar? Við byggjum nýjan bæ. Nei, nýja borg. Hérna í dalnum. Með öllum vélakosti og þægindum nútímans.

(Stendur upp)

Ég sé þetta allt fyrir mér. Hvar eru stígvélin mín?

ÁSTA

Þau eru horfin.

ILLUGI

Horfin? Jæja, komdu með einhverja skó.

(ÁSTA færir honum einhverja skógarma og ILLUGI fer í þá)

Komið með mér!

ÁSTA

Hvert?

ILLUGI

Upp á á sinn. Ég verð að sýna ykkur þetta.

INGÓLFUR

Það er vitlaust veður úti.

ILLUGI

Komið nú. Hvað er óveður þegar framfarirnar eru annars vegar?

(Fer út. Birtist að vörmu spori í dyrunum)

Komið þið nú. Framtíðin bíður ekki eftir neinum.

(ÁSTA og INGÓLFUR horfa áhyggjufull hvort á annað en fylgja

ILLUGA síðan út og upp á á sinn. Þau horfa yfir dalinn. Það er varla

stætt fyrir roki og skafrenningi. Á ILLUGA hefur runnið æði og

INGÓLFUR og ÁSTA eru skelkuð)

ILLUGI

Sjáið! Þarna! Þarna reisum við rafaflstöðina og allt í kringum hana iðjur sem framleiða allar þær nauðsynjar sem við þörfumst. Byggðin verður sunnanmegin og á milli hennar og athafnasvæðisins verður járnbrautar- og spurvagnastöð.

INGÓLFUR

Getur þetta ekki beðið, Illugi?

ILLUGI

Nei. Nú getur ekkert beðið lengur. Við verðum að hefjast handa, áður en nýja öldin rennur upp. Niðri í voginum verður stórskipahöfn og þaðan gerum við út á vélskipum. Við byggjum íbúðarhús með miðstöðvarhitun og ræktum suðræna ávexti í glerhúsum.

INGÓLFUR

Komdu nú heim, Illugi.

ILLUGI

Skilurðu ekki, að við verðum að kveða niður djöflana í sál okkar. Skilja þá eftir í þessum aumu moldarkofum og byggja okkur hús úr steini gleri og stáli.

Fortíðin er óvættur sem við verðum að losna við ef við viljum verða frjálsir menn.

INGÓLFUR

Ég get ekki hjálpað þér við að drepa djöfla í sál þinni.

ILLUGI

Við verðum að beisla vindinn og ríða á honum til annarra landa. Smíða vélar og fljúga á þeim til stjarnanna. Ef við viljum bjargast.

INGÓLFUR

Ég get ekki fylgt þér til stjarnanna.

ILLUGI

Sjáðu hana! Borgina okkar. Svo hreina og bjarta. Hlustaðu á hana! Heyrirðu ekki taktfastan slátt vélanna - söng hinnar nýju aldar? Sérðu ekki hvernig vatnssúlur gosbrunnana stíga til himins og þúsundir ljósa bræða gat á myrkrið? Sérðu ekki borgina okkar?

INGÓLFUR

Nei. Ég get ekki séð hana. Ég sé bara myrkrið.

ILLUGI

Þú ert blindur Ingólfur. Þú ert blindur. Ég verð að finna einhvern sem sér. Verð að finna einhvern.

ÁSTA

Nei! Ekki fara.

ILLUGI

Ég má engan tíma missa.

(ILLUGI hleypur út)

ÁSTA

Bíddu Illugi! Bíddu!

INGÓLFUR

Það getur enginn orðið honum samferða þangað sem hann er að fara.

(ÁSTA hleypur út í myrkrið)

19. ATRIÐI: KNÆPA Í KAUPSTAÐNUM OG STRÆTIÐ FYRIR UTAN

(VATNSBERARNIR eru við drykkju)

JÓI

Láttu mig fá meira að drekka.

KRISTJÁN VERT

Þú átt enga peninga.

JÓI

Ég borga þér á morgun.

KRISTJÁN

Ég lána aldrei neinum, það veistu vel.

JÓI

Ég skal ískra fyrir þig ef þú gefur mér að drekka.

KRISTJÁN

Burt með þig.

JÓI

Ég skal ískra fyrir þig, Gvendur, ef þú gefur mér að drekka.

GVENDUR

Þú getur sjálfur borgað þitt brennivín.

KATLA

Láttu okkur í friði JóI.

(Þögn)

JÓI

Ansans ári eru þetta góð stígvél sem þú ert í, Gvendur.

GVENDUR

Já, þetta eru mögnuð stígvél.

JÓI

Mögnuð? Hvernig eru þau mögnuð?

GVENDUR

Þau eru rafurmögnuð. Ég fékk þau hjá rafurmagnsmanninum á Brú.

JÓI

Hann er illmenni. Hann ætlar að banna mér að bera. Hann og lækinn.

(Færir sig fjær)

Eru þau hættuleg?

GVENDUR

Þau eru svo rafurmögnuð að ef ég gæfi þér drag í rassgatið með þeim þá kæmirðu aldrei niður aftur.

JÓI

Þú ert að ljúga að mér.

KATLA

Nú er læknisdóttirin orðin rafurmögnuð og sést ekki lengur á götum bæjarins.

JÓI

Getur kvenfólk orðið rafurmagnað líka?

GVENDUR

Já, og það hleypur í vömbina á þeim sumum.

KATLA

Hefurðu eitthvað orðið var við að kaupmannsdóttirin sé orðin rafurmögnuð líka, Jóí?

JÓI

Ég veit það ekki. Hvernig verða þær rafurmagnaðar í vömbinni? Hún er ennþá mjó eins og kústskaft.

GVENDUR

Þú ert nú ljóta fíflíð. Ætli maður verði ekki að rafurmagna svolítið á þér rassgatið.

(GVENDUR stendur upp til að taka JÓA til bæna en þá kemur ILLUGI inn og GVENDUR sest aftur)

ILLUGI

Láttu mig hafa flösku af brennivíni.

JÓI

Gefðu mér að drekka, Stjáni. Bara eitt glas.

KRISTJÁN

Haltu kjafti. Þú færð ekki neitt.

JÓI

Helvítið þitt, Stjáni vert! Helvítið þitt.

ILLUGI

Komdu með glas handa honum. Já, og þeim líka.

(ILLUGI hellir í glös handa VATNSBERUNUM. ILLUGI er meira og minna að tala við sjálfan sig en VATNBERARNIR skjóta inn orði og orði því það er ILLUGI sem býður)

JÓI

Er þetta nokkuð rafurmagnað?

ILLUGI

Rafmagn er bara heimskur kraftur sem er ekki neitt ef hann er ekki notaður.

GVENDUR

Já þú ættir að vita það.

ILLUGI

Trúarbrögðin eru tvöþúsund ára gömul. Heimspekin frá Forngríkkjum sem skildu ekkert nema rökhyggju. Nýja öldin spyr bara um hagkvæmni.

JÓI

Hvernig verða þær rafurmagnaðar í vömbinni?

KATLA

Þegiðu Jói!

ILLUGI

Á tuttugastu öldinni fer maðurinn hraðar og hærra og lengra en nokkru sinni fyrr. Hvern fjandann varðar hann þá um heimspeki? Trúarbrögð? Þetta verður útdautt eins og geirfuglinn og ekkert lifir nema vísindin. Rökhyggja? Er eitthvað rökrétt við rafmagn?

(Enginn svarar. ILLUGI æpir)

Er eitthvað rökrétt við rafmagn?

GVENDUR

Það má andskotinn vita.

ILLUGI

Það er ekkert rökrétt við rafmagn. Það bara virkar.

KRISTJÁN

Hættu þessum hávaða!

ILLUGI

Ert þú í liði með djöflunum?

KRISTJÁN

Hafðu þig hægan eða ég hendi þér út.

ILLUGI

Höfuðið á mér er að springa. Djöflarnir eru að reyna að þrengja sér inn í það. Og Ingólfur í liði með þeim; nítjándualdarmaðurinn sem heldur að fegurð og sannleikur skipti einhverju máli. Ingólfur sem vill vatnsveitu af því að almúginn á rétt á gosbrunnum.

KATLA

Mann þyrstir nú bara af öllu þessu vatnstali.

ILLUGI

(Hellir aftur í glösin þeirra)

En hann er trújuhestur. Hann varaði djöflana við. Það liggur í augum uppi. Þeir voru allir tilbúnir og sneru út röngunni þegar ég reyndi að tala við þá.

JÓI

Af hverju varstu að gefa honum stígvélin?

ILLUGI

Ha? Stígvélin?

JÓI

Rafurmagnsstígvélin. Hann ætlar að gefa mér drag með þeim. Geturðu ekki tekið þau af honum?

ILLUGI

Hvaða stígvél?

(Lítur á fótabúnað GVENDAR)

Þú hefur stolið stígvélunum mínum.

GVENDUR

Ég á þessi stígvél.

ILLUGI

Farðu úr þeim eins og skot.

KRISTJÁN

Ég varaði þig við.

(ILLUGI ræðst á GVEND og reynir að færa hann úr stígvélunum.)

KRISTJÁN hnippir í KÖTLU)

Sæktu lögregluþjóninn!

(KATLA hleypur af stað og kemur fljótlega aftur ásamt JÖKLI)

lögregluþjóni. Hann ekur á undan sér fangavagninum sem er tvíhjóla

handvagn. Á honum er flatur trékassi, nógu stór til að rúma mann. Lítill gluggi með vírneti er þar sem andlit fangans er)

GVENDUR

Slepptu mér! Slepptu mér! Mér voru gefin þessi stígvél.

ILLUGI

Komdu með þau djöfullinn þinn.

GVENDUR

Hjálp! Hann drepur mig.

ILLUGI

Ég skal kenna þér að stela ekki frá mér.

(KRISTJÁN sækir kylfu bak við barborðið. Hann kemur aftan að ILLUGA og slær hann í höfuðið með henni. ILLUGI fellur, vankast en heldur þó meðvitund. KATLA kemur inn ásamt JÖKLI. JÖKULL og KRISTJÁN taka ILLUGA á milli sín og bera hann út og loka inni í fangavagninum. VATNSBERARNIR elta þá út)

JÓI

Sá var rafurmagnaður!

KATLA

(Ræðst á JÓA og lemur hann)

Alltaf þarftu að vera til vandræða, Jói skó.

JÓI

Hættu þessu! Hættu þessu!

JÖKULL

Svona! Reynið nú að vera til friðs.

(Skoðar manninn í vagninum)

Er þetta ekki strákurinn á Brú?

KRISTJÁN

Hann er snarvitlaus maðurinn.

JÖKULL

Hann getur sofið úr sér vitleysuna í steininum.

KRISTJÁN

Má ekki bjóða yfirvaldinu upp á eitt staup?

JÖKULL

Jú, þakka þér fyrir. Það er þorstlátt verk að handtaka menn.

(Þau fara inn í knæpuna)

GVENDUR

Hvernig er nú komið fyrir snillingnum sem ætlaði að taka frá mér vinnuna?

(Hann stingur hendinni á milli möskva í vírnetinu og klípur Illuga í kinnina. ÁRNÍNA og MARGRÉT koma gangandi)

MARGRÉT

Hvað ertu að gera við manninn?

(GVENDI bregður og hann forðar sér inn á krána)

ÁRNÍNA

Vertu ekki að skipta þér af þessum ruslarylýð. Það er skömm að þessari knæpu. Það ætti að vera búið að loka henni fyrir löngu.

ILLUGI

Hjálp. Hjálpið mér.

MARGRÉT

(Færir sig nær)

Þetta er Illugi.

ÁRNÍNA

Nú!? Er svona komið fyrir honum. Ekki er ég hissa á því.

(ÁSTA kemur inn. Hún skimar leitandi í kringum sig)

ILLUGI

Hleypið mér út.

ÁRNÍNA

Ég held þú sért best geymdur þarna.

ILLUGI

Margrét. Opnaðu fyrir mér. Gerðu það.

(ÁSTA gengur að handvagninum. Án þess að hika grípur hún um kjálkana og hleypur af stað með vagninn)

ÁRNÍNA

Margrét! Kallaðu á lögregluþjóninn.

MARGRÉT

Æ, leyfum henni að hirða hann. Það fer vel á því.

20. ATRIÐI: HÚS LÆKNISINS

SIGURÐUR

Mig langar til að eiga orð við hana Elínu dóttur þína.

HÁKON

Hún Elín er í Kaupmannahöfn.

SIGURÐUR

Svo þú hefur sent hana burt.

HÁKON

Sent hana burt? Hún fór að heimsækja ættingja sína.

SIGURÐUR

Þú afsakar mig, læknir, en ég er bara bóndi og kann ekki að umgangast fínt fólk. Ég er ekki leikinn við að orða hlutina..

(Þögn)

Hún Elín kom til okkar í vor og þá talaði ég dálítið við hana. Ja, eiginlega sagði hún mér allt af léttu.

HÁKON

Ég skil.

SIGURÐUR

Já. Af því mér er hlýtt til hennar Ellu þá tók mig sárt til þess að sjá hana svona hrygga..

(Þagnar. Vandræðalegur)

HÁKON

Já?!

SIGURÐUR

.. og ég fór að velta því fyrir mér hvernig mætti gera gott úr þessu öllu.

HÁKON

Er það ekki dálítið seint.

SIGURÐUR

Ég er líkast til ekki alveg samboðinn henni Elínu en ég á dálitlar eignir og ég skal vera henni góður. Svo er það líka það að ef af þessu yrði þá er það ekki óeðlilegt ef barnið líkist minni ætt.

HÁKON

Ertu að biðja um hönd dóttur minnar?

SIGURÐUR

Já. Ætli ég sé ekki að því.

HÁKON

Ég vil ekki gera neitt sem er á móti hennar vilja.

SIGURÐUR

Það vil ég ekki heldur. Ég vil að þú vitir að mér finnst Illugi hafa hegðað sér svívirðilega við dóttur þína. Ég get ekki litið framan í nokkurn mann lengur.

HÁKON

Ég skammast mín fyrir það að ég skyldi ekki sjá hvaða mann hann hefur að geyma.

(Þögn)

Samþykki mitt geturðu fengið en Elín á síðasta orðið.

21. ATRIÐI: BAÐSTOFAN Á BRÚ

(ILLUGI liggur í fleti sínu en GUNNA og ÁSTA sitja og vinna einhver verk)

GUNNA

Aldrei þóknast herranum að gera handtak. Það veit ég að að hann Jónas minn hefði aldrei liðið þetta af neinum þegar við bjuggum í hellinum.

ÁSTA

Hann er veikur.

GUNNA

Ekki virðist vera neitt að honum þegar hann fer á drykkjutúrana sína.

ÁSTA

Hann er veikur í höfðinu.

GUNNA

Í höfðinu?! Í minni sveit hét þetta leti og ómennska.

ILLUGI

Ásta! Ásta! Gefðu mér að drekka.

ÁSTA

Viltu vatn? Eða mjólk?

ILLUGI

Nei. Eitthvað að drekka.

ÁSTA

Það er ekkert til.

ILLUGI

Það það örugglega eitthvað til. Finndu það.

ÁSTA

Nei. Það er ekkert til.

(SIGURÐUR kemur inn. Hann heldur á brennivínskút og glösum)

SIGURÐUR

Illugi! Vaknaðu! Ég þarf að tala við þig.

ILLUGI

Ég hef ekkert við þig að tala.

SIGURÐUR

Þú getur í það minnsta hlustað. Og drukkið brennivínið mitt.

(ILLUGI rís upp. SIGURÐUR sest á rúmið hjá honum og hellir í glös fyrir þá. ILLUGI tæmir glasið á augabragði og það setur að honum ákafan skjálfta)

Djöfull er að sjá þig drengur.

(ILLUGI réttir fram glasið og SIGURÐUR fyllir það aftur)

Ég er að fara að gifta mig.

(ILLUGI lítur á hann)

Þú þekkir hana.

(ILLUGI svarar engu)

Það er hún Elín læknisins.

(Þögn)

Þú segir ekkert.

ILLUGI

Hvað ætti ég svo sem að segja? Til hamingju?

SIGURÐUR

Ég býst ekki við því af þér.

ILLUGI

Hvað viltu mér þá?

SIGURÐUR

Ég vil að þú farir aftur til Ameríku. Ég vil ekki hafa þig hérna þegar Elín flytur hingað. Ég skal borga fyrir þig farseðilinn og þangað til skipið siglir geturðu búið á hótelinu.

ILLUGI

Ætlaðu að fleygja mér á dyr?

SIGURÐUR

Ég hafði vonast til að þú hefðir næga sómatilfinningu til að fara sjálfur.

ILLUGI

Allt í lagi. Láttu mig fá peningana.

SIGURÐUR

Svo vitlaus er ég ekki. Ég kaupi farseðilinn og borga gistinguna en reiðufé færðu ekki frá mér. Þú myndir bara drekka það út.

(SIGURÐUR stendur upp og býst til að fara)

Eitt enn. Ég vil heldur ekki sjá þig í kirkjunni.

ILLUGI

Hvenær verður brúðkaupið?

SIGURÐUR

Á nýársdag. Ekki á morgun heldur hinn.

(SIGURÐUR fer, en skilur brennivínskútinn eftir)

ILLUGI

Nýársdagur. Nýja öldin er að byrja og ég stend enn í sömu sporum.

(Hellir aftur í glasið sitt)

GUNNA

Það er best að búast aldrei við neinu því þá verður maður ekki fyrir vonbrigðum.

ILLUGI

Ég dó og endurfæddist.

GUNNA

Hana! Nú talar brennivínið.

ILLUGI

Þegar ég lá bundinn og beið þess að verða hengdur þá birtist mér ung stúlka, nei, engill, og hún skar á böndin og mér tókst að flýja í vagninum okkar. Mér

var ekki bjargað að ástæðulausu. Ég hef hlutverk. Ég á að leiða fólk inn í nýju öldina.

GUNNA

Osvei! Haltur leiðir blindan.

ILLUGI

Hér hef ég eytt tíma mínum til einskis. Nýja öldin! Hvenær skyldi hún koma á þessu vesæla landi?

(Þögn)

Það er best að fara að koma sér héðan.

ÁSTA

Ætlaðu að fara frá mér vinur?

ILLUGI

Þú kemur með mér til Ameríku. Við giftumst. Við látum gera við vörina á þér. Mér var aldrei ætlað hlutverk hérna heldur í Ameríku, völdugasta landi í heimi. Þú kemur með mér og styður mig eins og þú hefur alltaf gert.

ÁSTA

Já vinur minn.

ILLUGI

Gunna! Farðu og náðu í vatn. Og bala eða eitthvað stórt ílát. Og flýttu þér kerling.

GUNNA

Hvaða vitleysu ætlaðu nú að taka uppá?

(GUNNA fer. ILLUGI tekur lykil upp úr vasanum, gengur að merkta koffortinu og opnar það. Hann byrjar að taka ýmsa hluti upp úr því, litlar flöskur, áhöld og ýmis efni, fatnað, gerviskegg og fleira)

ILLUGI

Peninga! Við verðum að útvega okkur peninga.

(ILLUGI réttir ÁSTU einhver föt)

Á morgun förum við í bæinn og þú gerir nákvæmlega það sem ég segi þér að gera. Það má ekkert fara úrskeiðis.

ÁSTA

Hvað á ég að gera?

ILLUGI

Ef allt gengur vel komumst við bæði til Ameríku.

ÁSTA

Hitti ég mömmu?

ILLUGI

Við leitum að henni. Ég lofa því.

(GUNNA kemur inn með vatnsbala. ILLUGI byrjar strax að blanda ýmsum efnum út í vatnið og smakka það til)

GUNNA

Ekert gott leiðir af þessu.

(Þögn)

Þarftu endilega að vera að drösla henni Ástu litlu með þér yfir þvera jörðina.

ILLUGI

Heldurðu að henni líði betur hjá honum Sigga og nýju konunni hans?

GUNNA

Æ, ég er bara gömul kerlingarskrukka og veit ekkert í minn haus.

ILLUGI

Þá er bara eitt eftir. Himnasendingin hans Sigga bróður.

(ILLUGI tekur brennivínskútinn, hellir í glasið sitt en síðan afganginum í balann)

Henderson sagði alltaf að ef það væri nógu áfengt þá héldi fólk að það væri allra meina bót. Nú þurfum við bara að setja þetta á flöskur.

22. ATRIÐI: TORG Í KAUPSTAÐNUM

(Gamlárskvöld árið 1900. JÓI er að sýna GVENDI og KÖTLU kúnstir sínar. GUNNAR kemur inn með fangið fullt af pappírsljóskerjum. JÓI hermir eftir ískri)

JÓI

Vitið þið hvernig ískur þetta var?

GVENDUR

Nei. Hvað var þetta?

JÓI

Þetta var ískur í hurð.

KATLA

Þú ert nú meiri hálfvitinn Jói.

JÓI

Ég get ískrað eins og brunndæla.

GVENDUR

Leyfðu okkur að heyra það.

(JÓI ískrar)

KATLA

Geturðu ískrað eins og rafurmagn Jói?

JÓI

Er ískur í rafurmagni?

GUNNAR

Verið ekki að flækjast fyrir vinnandi fólki.

GVENDUR

Hvað þykist þú vera að gera?

GUNNAR

Ég er að vinna fyrir bæjarstjórnina.

(GVENDUR dregur upp brennivínspela og réttir GUNNARI)

GVENDUR

Vertu þá ekki með þessi læti. Hana! Fáðu þér einn.

GUNNAR

Mér er svo sem sama.

(GUNNAR sýpur á og réttir KÖTLU síðan pelann. JÓI ætlar að taka við pelanum af KÖTLU en GVENDUR hrífsar hann til sín)

GVENDUR

Ertu alltaf jafnþyrstur Jói minn?

JÓI

Já. Alveg voðalega þyrstur.

GVENDUR

Drekktu þá úr þér hlandið, maður.

KATLA

(Við GUNNAR)

Honum varð það á um daginn að míga í vatnsfötu kaupmannsins.

(Þau hlæja)

JÓI

Mér var svo mikið mál.

GVENDUR

En afhverju meigstu ekki upp við vegg eða í rennusteininn?

JÓI

Ég ætlaði að gera það. Ég hitti ekki.

KATLA

Hann var skuggufullur þessi djöflamergur

(HELGI og MARGRÉT koma gangandi)

GVENDUR

Og nú sæki ég fyrir kaupmanninn.

HELGI

Hvað ertu að hangsa? Upp með luktirnar.

GUNNAR

Ég veit ekkert hvernig þetta á að vera.

MARGRÉT

Þú hengir þær bara í böndin þarna *(eða það sem við á)*.

(MARGRÉT sýnir GUNNARI hvernig á að fara að)

KATLA

Hún var ekki lengi að ná sér í nýjan sú stutta.

GVENDUR

Og sá nýi er jafnvel enn meira fífl en hinn.

KATLA

Hún er þá ekkert rafurmögnuð lengur?

(Þau hlæja. KARL og ÁRNÍNA koma gangandi)

HELGI

Gott kvöld kaupmaður.

KARL

Gott kvöld. Það ætlar að rætast úr veðrinu.

HELGI

Já. Hátíðarhöldin geta farið fram eins og ráðgert er.

ÁRNÍNA

Verður fírverkerí? Mér stendur aldrei á sama um það þó það sé hátíðlegt.

HELGI

Það verður engin hætta. Við munum gæta fyllstu varúðar.

(GÍSLI og EIRÍKUR koma ásamt GEIR sem heldur á ræðupúlti)

GÍSLI

Hérna á það að vera!

(GEIR leggur frá sér ræðupúltið)

EIRÍKUR

Nei. Hérna. Það er betra að hafa það undir ljóskerinu svo menn sjái á blöðin sín?

(GEIR færir púltið)

GÍSLI

Þarna sést það ekki eins vel.

EIRÍKUR

Það verður að vera lesbjart.

HELGI

Getum við ekki sett upp staura sitthvorumegin við púltið og hengt á þá pappírsluktir?

GÍSLI

Einmitt. Náðu í staura.

(En hann nær engu sambandi við GEIR því hann starir í forundran á ILLUGA og ÁSTU sem koma gangandi með koffortið á milli sín en áletrunin á því hefur verið fjarlægð. Ofan á koffortinu er grammófónninn. Þau eru óþekkjanleg því ÁSTA er í skósíðum serk með blæju fyrir andlitinu og stóra nælu í höfuðbúnaðinum. ILLUGI er skrautlega búinn með túrban og mikið alskegg. Þau leggja frá sér koffortið, opna það og byrja að raða upp litlum flöskum. ILLUGI trekkir upp grammófónninn og setur á plötu. ÁSTA dansar)

EIRÍKUR

Hvað í ósköpunum er þetta?

GÍSLI

Það veit ég ekki. Er þetta eitthvað á vegum skemmtinefndarinnar, Helgi?

HELGI

Ég hef aldrei séð þetta fólk.

ILLUGI

(Kallar með erlendum hreim í röddinni)

Lífsins vatn! Lífsins vatn! Hinn víðfrægi elexír doktors Padmanaba, Lífsins vatn! Lífsins vatn eykur líkamanum þrótt og þol, sálin endurlifnar og fjörgast, maður verður glaðlyndur, hugrakkur og starfsfús, skilningarvitin verða næmari og menn hafa meiri ánægju af gæðum lífsins

(Þeir hugrökkustu færa sig nær og einhverjir kaupa flösku)

GÍSLI

Þetta fólk á ekkert með að vera á hátíðarsvæðinu. Helgi! Rektu þau burt.

MARGRÉT

Ætlaðu ekki að kaupa eina flösku fyrir mig Helgi?

HELGI

Ööööö.. jú, auðvitað.

ILLUGI

Elexírinn gerir það auðveldara að horfast í augu við nýja öld því hann leiðréttir stjarnfræðilegar misvísanir sem fylgja aldaskiptunum.

ÁRNÍNA

Kauptu nokkrar flöskur Karl!

GVENDUR

Þetta er ekki svo vitlaust á bragðið. Ég ætla að fá aðra.

ILLUGI

Elexír úr lífsins lind! Sjáið prinsessuna Fatímu sem drukkið hefur úr lífsins lind sem sprettur upp úr hrjóstrinu í Sahara-eyðimörkinni frá blautu barnsbeini. Ekki nóg með það að hún hafi aldrei kennt sér neins meins heldur getur hún líka flogið.

(Hann setur sig í töframannsstellingar og ÁSTA svífur yfir jörðinni. Nú vilja allir kaupa. SIGURÐUR og ELÍN koma gangandi)

ELÍN

Hvað er hér um að vera?

ILLUGI

Verið róleg. Það er nóg handa öllum.

SIGURÐUR

Þetta er Illugi.

ILLUGI

Lífsins vatn! Lífsins vatn! Kaupið Lífsins vatn!

(KATLA hefur heyrt það sem SIGURÐUR sagði)

KATLA

Þetta er Illugi.

ALLIR

(Burst milli manna)

Illugi? Er þetta Illugi? Þetta er Illugi.

(KATLA rífur blæjuna af ÁSTU)

KATLA

Þetta er niðursetningurinn á Brú!

GVENDUR

Hér eru brögð í tafli. Ég vil fá peningana mína aftur.

GÍSLI

Grípið þau!

ALLIR

Peningana mína! Ég vil fá peningana mína aftur.

EIRÍKUR

Grípið þjófana!

(ILLUGI og ÁSTA reyna að komast undan en öskureitt fólkið umkringir þau og veitist að þeim. VATNSBERARNIR veitast að ÁSTU en ALLIR aðrir grípa ILLUGA. INGÓLFUR kemur inn og frelsar ÁSTU frá VATNSBERUNUM)

HELGI

Réttast væri að hengja helvítið!

SIGURÐUR

Látið hann vera! Sleppið honum!

(Það er sótt reipi og því brugðið um hálsinn á ILLUGA. SIGURÐUR reynir að frelsa hann en er borinn ofurliði. HÁKON kemur inn)

HÁKON

Sleppið manninum! Eruð þið gengin af göflunum?

(Menn verða skömmustulegir en hætta þó ekki fyrr en kirkjuklukkan slær, tólf á miðnætti. Þá er ILLUGA er sleppt og fólkið flýtir sér þangað sem hátíðahöldin eiga að fara fram. Það er skálað og skotið upp flugeldum. ILLUGI og ÁSTA verða ein eftir)

SIGURÐUR

Ég er feginn að mamma er dín og þarf ekki að horfa uppá þessi ósköp.

(SIGURÐUR fer á eftir hinu fólkinu)

ALLIR

(Syngja)

Fortíð vor fræg og hæst
fjallprútt mitt eyland glæst
skíran ber skjöld
Upp rís ný aldarsól
eilíft snýst tímans hjól
fram tíðarinnar byggjum ból
á byrjandi öld

23. ATRIÐI: VATNSPÓSTURINN

(Atriðið hefst í rökkri. Einhver skuggavera er að dæla vatni í fötu.

VATNSBERARNIR koma inn)

GVENDUR

Komdu þér burt frá póstinum.

(GVENDUR hrindir verunni frá póstinum, ljósin koma upp og það sést að veran er ILLUGI sem er illa tilhafður og tötralegur)

KATLA

Vertu ekki að þvælast fyrir vinnandi fólki.

ILLUGI

Ég þarf líka vatn.

GVENDUR

Mígðu í fötuna hans, Jói. Mígðu í fötuna.

(JÓI gerir eins og fyrir hann er lagt)

ILLUGI

Kaupmannsfrúin bíður eftir vatni í soðninguna.

KATLA

Færðu henni þá lífsins vatn. Úr honum Jóa.

GVENDUR

Jæja Illugi. Hvað er að fréttu af nýju öldinni?

KATLA

Förum við bráðum að fljúga?

JÓI

Hefurðu rafurmagnað einhverja nýlega?

(VATNSBERARNIR hlæja)

ÁSTA

(Lýti hennar er horfið)

Langt úti í eyðimörkinni var lífsins lind og straumur vatnsins sem úr henni rann var skær eins og kristall. Lindin var uppspretta skilnings og þekkingar og hver sá sem af henni drakk fékk bót allra sinna meina.

Enginn vissi hvar lindin var nema konungurinn og þegar hann var sleginn blindu og rataði ekki lengur að lindinni varð hungur og óáran í landinu.

Í fyllingu tímans fæddist lítill prinsessa. Prinsessan var falleg og góð en hún var blind eins og faðir hennar. En hún hafði þá náttúru að hún gat séð með hjartanu og henni rann til rifja eynd þegna sinna og fór að leita lindarinnar.

Eftir miklar þrengingar og mannaunir fann hún lindina og þeir þyrstu gátu drukkið nægju sína af vatni lífsins. Og augu þeirra opnuðust og þau langaði til að gera alla hluti nýja. Og þá reis upp ný öld í Ævintýralandinu.

ALLIR

(Syngja)

Já, þessi litla saga er á enda
og einhvern lærdóm dragaf henni má
Í bróðerni þó viljum á það benda
að breytt er velflest orðið síðan þá

Og ævintýrin
enda sum hver
langt útí mýri
sem vera ber

Því síðan hefur unnist allmörg glíma
og okkur hefur farið mikið fram
En gleymum ekki þessum gamla tíma
er glópskan lagðá allt sinn þunga hramm

Ó sei sei já
það veit mín trú
það er af og frá
ég held það nú

Já og það sem að þú varst vitni að
áttí forneskjunni stað
- hér er ekki neitt að samtíð sneitt
Já því það er nú óhugsandi að
allt hér staðið hafí stað
og við höfum ei lært neitt

TJALDIÐ

Vatn lífsins - tímatal

atr.	Ár	árstíð	mán.	staður	efni
1	1899	vor	maí	Brú	Sigurður áreitir Ástu
2	1899	vor	maí	Brú	Sagan um móður Ástu
3	1885			Brú	Ævintýralandið
4	1899	vor	maí	Brú	Illugi kemur heim
5	1899	sumar	júlí	bærinn	Við vatnspóstinn
6	1899	sumar	júlí	bærinn	Hjá kaupmanninum
7	1899	sumar	ágúst	Brú	Illugi fer í bað
8	1899	sumar	ágúst	Brú	Lautarferð
9	1900	vetur	jan	bærinn	Hjá bæjarstjórninni
10	1900	vetur	jan	bærinn	Illugi og Elín sofa saman
11	1900	vetralok	apríl	Brú	Bræðrunum lendir saman
12	1900	vetralok	apríl	bærinn	Illugi heimsækir kaupmann
13	1900	vetralok	apríl	bærinn	Fundur um vatns- og rafmagnsmál
14	1900	vetralok	apríl	Brú	Illugi kemur heim með vatnsberana
15	1900	vetralok	apríl	Brú	Elín heimsækir Illuga
16	1900	sumar	júní	bærinn	Ingólfur á fundi með bæjarfulltrúum
17	1900	vetur	okt	Brú	Illugi byggir nýjan bæ
18	1900	vetur	okt	bærinn	Illugi handtekinn fyrir drykkjaskap
19	1900	vetur	nóv	bærinn	Sigurður biður Elínar
20	1900	vetur	nóv	bærinn	Bæjarfulltrúar heimsækja kaupmann
21	1900	vetur	des	Brú	Sigurður vill senda Illuga til Ameríku
22	1900	vetur	des	bærinn	Gamlárskvöld